



Þessir kylfingar létu eldgosíð í Geldingadölum ekki trufla einbeitinguna við það að slá inn á flötina á fimmtu braut Hvaleyravallar í Hafnarfirði í gær. Golfþímabilið hófst af fullum krafti í byrjun mánaðar og berjast golfþyrstir Íslendingar um hvern rástíma þessa dagana enda veðurskilyrðin með besta móti til golfíðkunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lögreglan með Onlyfans til skoðunar

Ef efni á Onlyfans flokkaðist sem framleiðsla og sala á klámi væri hægt að gera tekjurnar sem Íslendingar hafa af sölnni upptækar sem ávinning af broti.

mhj@frettabladid.is



Hulda Elsa Björgvinsdóttir, yfirmaður ákærusviðs lögreglunnar.



Ævar Pálmi Pálmason, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar.

LÖGREGLUMÁL Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu skoðar nú hvort efni sem Íslendingar setja á samfélagsmiðilinn Onlyfans flokkist sem framleiðsla og sala á klámi.

Eins og greint hefur verið frá í fjölmörgum hafa fjölmargir Íslendingar tekjur af því að selja nektarmyndir og myndbönd á Onlyfans.

„Það er verið að taka stöðuna á þessu með öðrum verkefnum. Það er mikið skilgreiningaratriði í dag hvað er klám,“ segir Ævar Pálmi Pálmason, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar.

Samkvæmt almennum hegningarlögum skal hver sá sem býr til eða flytur inn í útbreiðsluskyni, selur, útbýr eða dreifir á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum. Ævar segir þetta snúast um forgangsröðun verkefna.

„Okkar forgangsröðun í kynferðisbrotadeildinni er á nauðganir, brot gegn börnum og önnur kynferðisbrot þar sem verið er að brjóta á einhverjum. Það er ekki þar með sagt að ef það er verið að fremja

eitthvað sem við teljum smávægileg brot fyrir framan nefið á okkur þá förum við ekki í þau,“ segir Ævar.

Spurður hvort það væri þá hægt að gera tekjurnar upptækar sem ávinning af broti segir Ævar það líklegt.

„Ég myndi halda það. Það er verið að afla tekna með ólöglegum hætti bara eins og ef það væri verið að framleiða kannabis. En ég þori ekki alveg að fara með það vegna þess að netvettvangurinn er hýstur annars staðar, þar sem klám er ekki endilega ólöglegt,“ segir Ævar.

Hulda Elsa Björgvinsdóttir, yfirmaður ákærusviðs lögreglunnar, telur hægt að heimfæra efni á Onlyfans undir ákvæði almennra hegningarlaga um bann við sölu á klámi.

„Ég myndi líta svo á að öll svona framleiðsla sem er búin til og dreift á netið myndi hugsanlega flokkast þar undir,“ segir Hulda.

Spurð hvort hægt væri að gera tekjurnar upptækar segir Hulda að skoða þurfi hvert tilvik fyrir sig.

„Það er almenn upptökuheimild í 69. grein almennra hegningarlaga þar sem við gerum upptækan ávinning af broti. Við verðum að skoða hvert tilvik fyrir sig ef um brot er að ræða og hvort það falli þar undir,“ segir Hulda.

Ákærusvið lögreglunnar og kynferðisbrotadeildin munu funda um framhaldið á næstu dögum. ■

Nánar á frettabladid.is

Jón Ásgeir leitar aftur til MDE

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson hafa skilað inn kvörtun til Mannréttindadómstóls Evrópu eftir að Hæstiréttur synjaði endurupptöku á sakamáli þar sem þeir voru sakborningar. Málið varðar skattalagabrot sem Jón Ásgeir, Tryggvi og fleiri voru dæmd fyrir árin 2007 og 2012.

Mannréttindadómstóll Evrópu komst að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið á rétti sakborninganna og féllst endurupptökunefnd á að málið skyldi tekið fyrir á ný en Hæstiréttur vísaði málinu frá.

Málið verður tekið til efnismeðferðar en íslenska ríkinu hafa borist spurningar frá Strassborg um afstöðu ríkisins til lögsögu MDE í málinu, kæruefnisins að öðru leyti og afstöðu til synjunar Hæstaréttar á endurupptöku málsins. ■



Settu saman þinn ID.4 GTX á www.hekla.is/gtx

Verð frá 6.990.000 kr.



ID.4 GTX

Fullvaxinn fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170



Allt að
480 km.
drægni (WLTP)

Auðveldara verði að rekja smit

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Frá og með deginum í dag er hægt að sækja nýja uppfærslu á smitrakningarappi Embættis landlæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, Rakning C-19. Með uppfærslunni nýtir appið Bluetooth-virkni til að styðja við rakningu smita.

Nýja útgáfan gerir smitrakningarteymi almannavarnadeildar auðveldara fyrir að rekja smit á milli aðila þegar tengsl eru ekki þekkt og því erfiðara að rekja smitið.



Notast verður við bluetooth-tækni til að rekja smit.

Í tilkynningu frá landlækni segir að sem fyrr verði „enginn afsláttur gefinn á vernd persónuupplýsinga“. Enn verði gögn vistuð í símtækinu sjálfu í aðeins fjórtán daga.

Bluetooth-tækni verður notuð til að reikna út fjarlægð milli tækja. Komi upp smit hjá einstaklingi með appið biður rakningarteymið um leyfi til að skoða gögn. Ef síminn hefur verið í minna en tveggja metra fjarlægð í 15 mínútur við annan síma með appið kemur upp tilkynning hjá eiganda þess tækis. ■

Karlinn í tunglinu?



Við fyrstu sýn er sem þessi maður þrifi sjálft tunglið en ef betur er að gáð þrífur hann kúlulaga þak Ásmundarsafns við Sigtún í Reykjavík. Safnið var formlega opnað árið 1983 og er helgað verkum myndhöggvarans Ásmundar Sveinssonar. Ásmundur fæddist árið 1893 og lést árið áður en safnið var opnað. Einstæð bygging safnsins var áður heimili og vinnustofa Ásmundar, þar eru nú ávallt til sýnis verk hans sem hann ánaðnaði Reykjavíkurborg. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYÐÓR**

Lítil væta í kortunum

hJORVARO@FRETATABLADID.IS

VEÐUR Veðurspá gerir ekki ráð fyrir úrkomu næstu daga sem breyta muni því að jarðvegur verði áfram þurr og því er áframhaldandi hætta á sinu- og gróðureldum á því svæði þar sem óvissustigi er í gildi.

„Á fimmtudag og föstudag er hins vegar spáð skúrum. Sú úrcoma mun hins vegar ekki ná að bleyta upp í jarðveginum að neinu ráði,“ segir Birgir Örn Höskuldsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofunni.

„Það er útlit fyrir áframhaldandi næturfröst sem verður til þess að það næst ekki mikil spretta í jarðveginum. Það eru almannavarnir sem sjá um að lýsa yfir óvissustigi og ákvörðun um að breyta því stigi,“ segir Birgir.



Stór sinubruni varð í Heiðmörk í síðustu viku. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Hann segist telja líklegt að óvissustigið muni gilda út vikuna hið minnsta. „Veðurfræðingar eru ekki alveg sammála um horfur svo langt fram í tímann. Það er mjög óvannalegt að það líði svona margir dagar í röð hér á landi án teljandi úrkomu,“ segir Birgir Örn enn fremur. ■

Vilja Jagger á briddsmótið

Til stendur að halda briddshátíð á nýjan leik í janúar 2022. Bridgesamband Íslands vinnur hörðum höndum að því að fá briddskappann Mick Jagger til að taka þátt á mótinu.

thORGRIMUR@FRETATABLADID.IS

SAMFÉLAG Ársþing Bridgesambands Íslands var haldið um síðastliðna helgi eftir ítrekaðar frestanir. Talsverð lægð hefur verið í briddssennu síðasta árið vegna fjöldatakmárkanna og mörgum mótum hefur verið aflýst vegna faraldursins.

Á ársþinginu voru þó metnaðarfullar áætlanir viðraðar fyrir Briddshátíð Reykjavíkur í janúar 2022 og meðal annars stendur til að halda briddsskóla að nýju í haust með ókeypis byrjendanámskeiði fyrir 25 ára og yngri. Bridgesambandið vonast jafnframt til þess að fá enska rokksöngvarann Mick Jagger til að spila á mótinu.

Jagger er kunnur briddsunnandi og hefur fengið nasapefinn af Íslandi á síðustu árum þar sem hann hefur drukkið íslenskt vatn á tónleikum sínum víðs vegar um heim. Meðal annars svaraði hann sér á vatni frá Iceland Glacial á tónleikum á Kúbu árið 2016.

Söngvarinn heimsfrægi kom til Íslands árið 1999. Þá sigldi hann á snekkju sinni til Ísafjarðar, þar sem hann skoðaði meðal annars sjóminjasafnið í Neðstakaupstað og bragðaði á kæstum hákarli. Hann ku hafa spýtt kræsingunum þeim út úr sér en sjónarvottur náði að hirða munnbitann og setja í krukku til varðveislu.

Mick Jagger er ekki eini mektarmaðurinn sem reynt hefur verið að fá til Íslands á briddsmót.

Bridgesambandið reyndi meðal annars að ná sambandi við Bill Gates, stofnanda Microsoft, þegar hann heimsótti Ísland árið 2016 og



Briddshátíðin var haldin í Hörpu í janúar 2019. Aðsóknin var með besta móti en ekki er þó vitað til þess að Mick Jagger hafi mætt. **FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN**



Ef ekki er kastað út góðri flugu, þá gerist ekki neitt.



Jafet S. Ólafsson vonast til þess að Mick Jagger láti sjá sig.

fá hann til að sækja mótið, en hafði þá ekki erindi sem erfiði.

Einnig hefur verið reynt að fá bandaríska fjárfestingakónginn Warren Buffett til að spila á briddsmótinu. Sá afþakkaði boðið pent og kvaðst vilja ferðast sem minnst, enda kominn á tíræðisaldur.

Tíminn mun leiða í ljós hvort betur heppnast með Jagger. Jafet S. Ólafsson, forseti Bridgesambandsins, segir að líkt og í laxveiðinni dugi ekki annað en að „kasta út góðri flugu“ til að eitthvað gerist.

Jafet vonast til að slakað verði á samkomutakmörkunum áður en mótið verður haldið í Hörpu í janúar 2022. Mótið var stofnað árið 1984 og var þá haldið á Hótel Loftleidum. Þá var lítið um ferðamenn á Íslandi og auðvelt að fá aðstöðu á hótélum fyrir keppnina en það hefur reynt erfiðara á síðustu árum.

Jafet bendir á þann ljósa punkt á faraldrinum að það kunni að reynast auðveldara að útvega rými á næsta ári vegna fækkunar ferðamanna eins og ástandið er. ■

Borgarferðir í haust

Í beinu flugi

Bucharest

7.okt

Prag

30.sept

Berlin

4.nóv

Flórens

21.okt

Frá 79.990 kr

www.aventura.is



- Sími: 556 2000
- Sundagarðar 2 - 104 Reykjavík



MEST SELDI BÍLL ALLRA TÍMA TOYOTA COROLLA



Verð frá: 4.890.000 kr.

Þessa dagana er hægt að **Corollaða** það besta fram hjá söluráðgjöfum okkar. Láttu sjá þig, þeir taka óvenju vel á móti þér.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur af lántökugjöldum. Sjá nánar á toyota.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



2018

UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Fjölmiðlafrumvarp og landamæramál send aftur til nefnda

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Þingfundi lauk mun fyrir í gær en gert var ráð fyrir þegar tvö mál sem reiknað var með mestri umræðu um voru tekin af dagskrá.

Annað málið sem um er að ræða er fjölmiðlafrumvarp Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningar-málaráðherra. Í breytingartillögu allsherjar- og menntamálanefndar um málið er gert ráð fyrir að um einskíptisaðgerð verði að ræða sem gildi út þetta ár en ekki varanlegt styrkjakerfi eins og menntamálaráðherra lagði upp með. Í nefndar-

áliti koma fram þau sjónarmið að vinna þurfi málið betur áður en um varanlegt kerfi geti verið að ræða. Skýra þurfi aðferðafræði styrkjanna til að tryggja betur að þeir hafi jákvæð áhrif á fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði. Sömuleiðis þurfi að huga að stöðu smærri fjölmiðla. Er lagt til að þessir þættir verði teknir til nánari skoðunar áður en um varanlegt styrkjakerfi verði að ræða. Ekki mun vera eining um þessa lengingu í stjórnarmeirihlutunum og kallaði framsögumaður málsins, Silja Dögg Gunnarsdóttir, frumvarpið aftur til



Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins.

nefndarinnar áður en umræða um það hófst í þingsal. Málið var í kjölfarið tekið af dagskrá þingfundar.

Frumvarp umhverfis- og samgöngunefndar um breytingar á loftferðalögum var einnig tekið aftur inn í nefnd í gær. Með frum-



Ari Trausti Guðmundsson, þingmaður Vinstri grænna.

varpinu er lagt til að ráðherra fái heimild til að skylda flugrekendur til að synja farþega um komu til landsins framvísi hann ekki vottorði um ónæmissaðgerð gegn Covid-19, vottorði um að sýking sé afstaðin eða staðfestingu á neikvæðri niður-

stöðu. Þingmenn stjórnarandstöðunnar telja að með þessu sé farið í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um að íslenskum ríkisborgurum verði ekki synjað um að koma til landsins. Heimildir Fréttablaðsins herma að verulegar efasemdir séu einnig um málið í þingliði Sjálfstæðisflokksins.

Eftir að umræða hófst um málið á Alþingi í gær ákvað framsögumaður málsins, Ari Trausti Guðmundsson, að taka það aftur inn til nefndar til að meirihlutinn fengi ráðrúm til að leysa ágreininginn og skila um málið framhaldsnefndaráli. ■



Skálholtskirkja á sólríkum degi.

Fækkun milli ára í þjóðkirkjunni

kristinnpall@frettabladid.is

TRÚMÁL Annað árið í röð varð samdráttur í fjölda þeirra Íslendinga sem eru skráðir í þjóðkirkjuna en þeim fækkaði um 88 manns á milli ára. Um 62 prósent Íslendinga eru skráðir í þjóðkirkjuna sem er fækkun um 0,3 prósent. Þetta kemur fram á vef þjóðskrár Íslands.



Rúmlega fimmti hver Íslendingur er annað hvort utan trú- og lífs- skoðunarfélaga eða með ótilgreinda skráningu hjá Þjóðskrá.

Alls eru nú níu trú- og lífsskoðunarfélög með meira en þúsund einstaklinga skráða innan sinna raða. Meðlimum zúista fer áfram fækkandi en rúmlega 39 prósent einstaklinga sem voru skráðir í trúarfélagi árið 2019 hafa sagt sig úr félaginu.

Þá eru 7,7 prósent landsmanna skráð utan trú- og lífsskoðunarfélaga eða 28.416 manns og 55.987 með ótilgreinda skráningu sem telur um 15,1 prósent þjóðarinnar. ■

Mál Jóns Ásgeirs komið til MDE á ný

Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson hafa kvartað til Mannréttindadómstóls Evrópu vegna synjunar Hæstaréttar á endurupptöku sakamáls, þrátt fyrir dóm MDE um að brotið hafi verið á rétti þeirra.

adalheidur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Mannréttindadómstóll Evrópu hefur ákveðið að taka til efnismeðferðar nýtt mál Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar. Málið, sem kært var til dómstólsins 17. nóvember 2019, varðar frávisun Hæstaréttar á máli þeirra sem endurupptökunefnd hafði þegar fallist á að taka skyldi upp að nýju.

Málið varðar skattalagabrot sem Jón Ásgeir, Tryggvi og fleiri voru dæmd fyrir árin 2007 og 2012. Fyrst til að greiða sektir og síðar til refsingar, sektargreiðslna og sakarkostnaðar.

Jón Ásgeir og Tryggvi vísuðu málinu fyrst til Mannréttindadómstóls Evrópu á þeim grundvelli að brotið hefði verið gegn ákvæði MDE um rétt til að þurfa ekki að sæta saksókn og refsingu oft en einu sinni fyrir sömu háttseminna.

Dómur var kveðinn upp í máli þeirra árið 2017 og taldi MDE að brotið hefði verið gegn 4. grein 7. viðauka mannréttindasáttmálans. Í kjölfarið óskudu Jón Ásgeir og Tryggvi eftir endurupptöku á dómi Hæstaréttar í umræddu sakamáli og féllst endurupptökunefnd á beiðnina.

Hæstiréttur vísaði málinu hins vegar frá dómi með þeim rökum að skilyrði fyrir endurupptöku væru ekki uppfyllt. Dómur frá MDE skuldbindi ríkið ekki til að tryggja



Jón Ásgeir hefur verið tíður gestur í réttarsölum í hátt á annan áratug.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

endurupptöku máls. Ríkið sé hvorki þjóðréttarlega skuldbundið til þess, né sé kveðið á um slíkan rétt í íslenskum lögum. Vakti þessi niðurstaða töluverða furðu og réttaróvissu um gildi dóma MDE hér á landi.

Í því máli sem nú er rekið í Strassborg vísa Jón Ásgeir og Tryggvi aftur til 4. greinar 7. viðauka um rétt til að vera ekki saksóttir oft en einu sinni fyrir sama brot. Þá telja þeir einnig að synjun Hæstaréttar um endurupptöku máls þeirra í kjöl-

far fyrri dóms MDE fari í bága við 6. grein sáttmálans um réttláta málsmeðferð.

Málið er nú komið á það stig í Strassborg að íslenska ríkinu hafa verið sendar spurningar um afstöðu þess til kærunnar.

Óskað er álits ríkisins á lögsögu MDE í málinu og hvort hún hafi breyst eftir niðurstöðu Hæstaréttar um synjun á endurupptöku. Vísað er til dóms yfirdeildar réttarins í portúgölsku máli frá árinu 2011 um að endurupptaka máls sé ekki



Vænta má dóms frá Strassborg um þá ákvörðun Hæstaréttar að neita að endurupptaka mál í kjölfar dóms MDE.

eina rétta leiðin til að bregðast við dómum MDE og að synjun á beiðni um endurupptöku máls verði ekki sjálfkrafa til þess að ríkið teljist brotlegt við niðurstöðu dómsins eða ákvæði sáttmálans.

Þá er einnig óskað eftir afstöðu ríkisins til kæruefnisins að öðru leyti. Spurt er hvort farið hafi verið í bága við rétt Jóns Ásgeirs og Tryggva til að vera ekki saksóttir tvívegis fyrir sama brot. Dómstóllinn hefur kveðið upp nokkra áfellisdóma gegn Íslandi í sams konar málum eftir fyrri dóm réttarins í máli Jóns og Tryggva. Hefur íslenska ríkið viðurkennt brot og sæst á nokkur mál sem verið hafa til meðferðar í Strassborg um sama efni. Meðal annars mál nokkurra manna sem sakfelldir voru fyrir ólöglegt verðsamráð.

Brugðist hefur verið við þessum dómum þannig að lögum var nýverið breytt í því skyni að koma í veg fyrir tvöfalda refsimeðferð í skattamálum.

Þá er að lokum óskað eftir afstöðu ríkisins til synjunar Hæstaréttar á endurupptöku máls þeirra og hvort sú synjun samræmist ákvæði sáttmálans um réttláta málsmeðferð. ■

APÓTEK LYFSALANS



Glæsibær



Vesturlandsvegur



Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI
LYFSALINN URÐARHVARFI

Opið 8.30 - 18.00
Opið 10.00 - 22.00
Opið 9.00 - 18.00

Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is
Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is



MILLJÓNIR Í AÐAL- VINNING

DREGNAR ÚT 20. MAÍ

Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir á einfaldan miða

Miðaverð er 1.700 kr. fyrir einfaldan miða og 3.400 kr. fyrir tvöfaldan miða

Drögum út meira en 51 þúsund vinninga á árinu

VERTU MED | das.is | 561 7757



HAPPDRÆTTI

Bændur orðnir áhyggjufullir yfir áframhaldandi þurrkatíð

hjorvaro@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Sólríkt hefur verið síðustu vikur, næturfrost og þurr í veðri. Af þeim sökum hafa sinu- og gróðureldar geisad á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu undanfarna daga og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur lýst yfir óvissustigi vegna veðursins.

Svæðið þar sem óvissustigið er í gildi nær frá Eyjafjöllum að sunnanverðu Snæfellsnesi. Almennungur hefur verið hvattur til að sýna aðgát

með opinn eld á þessum svæðum og öðrum þar sem gróður er þurr.

Í gær brann sína og gróður á svæði á stærð við tvo fótboltavelli í Guðmundarlundi í Kópavogi og í síðustu viku var umfangsmikill eldur í Heiðmörk sem talinn er vera sá stærsti frá upphafi.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna, segir að næstu dagar muni ráða því hvort rask verði á plönnum bænda hvað útirækt varðar.

„Fyrst og fremst höfum við auð-



Gunnar segir bændur uggandi.

vitað miklar áhyggjur af því hvað gróður er að taka illa við sér um allt land. Plön hafa ekki enn raskast hvað útirækt varðar en það fer að liða að því að svo verði,” segir Gunnar um stöðu mála.

„Það er hins vegar þannig að bændur sem ætla að sá fyrir grænmeti geta ekki beðið mikið lengur eftir úrkomu. Svo er næturfrostið að gera bændum erfitt fyrir en frostið gerir hlutina erfðari á ökrunum,” segir hann enn fremur.

„Staðan er verst í uppsveitum

Árnessýslu en þar fara 80 prósent grænmetisframleiðslu í landinu fram. Svo heyrði ég í bændum norðan heiða í dag sem segja næturfrostið hafa töluverð áhrif á störf þeirra,” segir formaðurinn.

„Þó svo að það sé sólríkt og þurr er lofthitinn ekki mikill og næturfrostið er töluvert.

Það var til að mynda níu gráða frost á Þingvöllum um helgina. Nú liggjum við bara á bæn og vonum að það fari að hlýna á næturnar og rigna á daginn,” segir Gunnar. ■



Barir mega nú hafa opið til kl. 23.00.

Nýjar tilslakanir á sóttvarnareglum

thorgrimur@frettabladid.is

COVID-19 Ýmsar tilslakanir á sóttvarnareglum tóku gildi í gær. Fjöldatakmörkanir fóru úr 20 í 50 manns, sund-, baðstöðum og líkamsræktarstöðvum var leyft að taka við þremur fjórðu af hámarksfjölda gesta og hámarksfjöldi þátttakenda í íþróttum og sviðslistum var hækkaður úr 50 upp í 75 í hverju hólf.

50

Fimmtíu manns mega nú koma saman í stað tuttugu áður.

Þá fór hámarksfjöldi gesta á sitjandi viðburðum úr 100 í 150 manns og opnunartími veitingastaða var lengdur um klukkustund. Heimilt er nú að taka á móti nýjum gestum til klukkan 22 og allir verða að hafa yfirgefið staðinn klukkan 23.

Náðarregla er áfram almennt tveir metrar og grímuskylda og leiðbeiningar um grímunotkun breytast ekki.

Fá tilfelli hafa greinst utan sóttkvíar undanfarna daga samkvæmt minnisblaði sóttvarnalæknis til heilbrigðisráðherra.

Í gær voru 100 manns í einangrun með virkt Covid-19 smit. Sólarhringinn á undan greindust tvö innanlandssmit. ■

Hlaup úr jökullóni ógn við Húsafell

Hefja þarf vöktun og mælingar vegna hugsanlegra jökulhlaupa úr lóni sem hefur verið að myndast frá aldamótum við Hafrafell undir Langjökli. Með þessu gæfist tveggja og hálfur klukkustundar fyrirvari til að bregðast við hættunni sem þá kynni að steðja að sumarbústaðabygðinni í Húsafelli.

gar@frettabladid.is


NÁTTÚRA „Kæmi til stærra hlaups gæti skapast hætta í Húsafellsskógi og er því æskilegt að gert verði hættumat fyrir sumarbústaðabygðina,” segir í skýrslu Vedurstofu Íslands og fleiri stofnana vegna mikils jökulhlaups úr Hafrafellslóni við Langjökul í fyrrasumar.

Jökulhlaupið sem varð úr Hafrafellslóni 18. og 19. ágúst í fyrra fór í Svartá og síðan í farveg Hvítár og með henni niður eftir Borgarfirði.

„Hlaupvatn fyllti farveg árinna undir Hvítárbrú hjá Húsafellsskógi en neðst í Hvítársíðu hækkaði vatnsborð um einn metra og eða barst sums staðar upp á engjar,” segir í skýrslunni. Dauðir laxar bárust upp á engjar neðan Hraunfossa.

Haft er eftir Húsafellingum að þetta sé mesta flód sem vitað sé um undir brúna við Kaldadalsveg. Talið sé að hlaupvatnið hafi verið 3,4 milljónir rúmmetra. Borist hafi fram verulegt magn af hlaupseti sem búast megi við að verði uppspretta rykmisturs og móðu um nokkurn tíma.

Hafrafellslón hefur verið að myndast frá síðustu aldamótum vegna hörfunar jökulsins að því er segir í skýrslunni. „Hætta er á fleiri hlaupum úr lóninu á komandi árum og er lagt til að lónið verði vakt að sumarlagi með athugun tunglmynda. Einnig er æskilegt að



Meðalhraði á stóra jökulhlaupinu úr Hafrafellslóni er talinn hafa verið 2 til 3 metrar á sekúndu.

MYND/VEÐURSTOFAN



Mikil ummerki sáust í farvegi Hvítár við Kaldadalsveg.

MYND/VEÐURSTOFAN

setja upp vefmyndavél og ef til vill vatnshæðarmæli við lónið þegar hlaup er talið nálgast,” leggja sérfræðingarnir til.

Hraði hlaupsins í fyrra er áætlaður þrjú til fjórir metrar á sekúndu að jafnaði frá jökli niður að Hvítárbrú við Kaldadalsveg.

„Ljóst er að ekki mátti miklu

muna að hætta skapaðist við Kaldadalsveg og norðarlega í Húsafellsskógi við hlaupið,” segir í skýrslunni.

„Niðurstöður benda til að um 2,5 klukkustundir gæfust til umræða til að vara íbúa og ferðafólk á Húsafellssvæðinu við, ef búnaður væri til staðar við lónið sem sendi við-

vörðun um leið og vatnsborð þar tæki að lækka,” segja skýrsluhöfundar.

Sagt er að full ástæða virðist vera til frekari vöktunar með fjarkönnun, vatnshæðarmælingum og vefmyndavélum. Miðað við hlaupið í fyrra sé aðallega hætta á eignatjóni fremur en slysum á fólki.

„Þó er rétt að upplýsa fólk á svæðinu um hættu á áframhaldandi jökulhlaupum úr lóninu og að næsta hlaup kunnist geta orðið stærra en hlaupið sem hér er fjallað um,” segja sérfræðingarnir. „Umsjónarmenn á Húsafellssvæðinu og ferðafyrirtæki sem þar starfa þurfa að vita af hlauphættunni og tryggja þarf að upplýsingar geti borist skjótt milli þessara aðila og náttúruvaktar Vedurstofunnar.”

Bent er á það í skýrslunni að Langjökull hafi hopað stöðugt á síðustu 25 árum. Líklegt sé að lægðin við Hafrafell sem lónið fyllti síðla sumars 2020 stækki til suðurs við frekara hop jökulsins. ■

RAFMAGNAÐ ÆVINTÝRI MEÐ ALVÖRU 4X4

Einu rafknúnu Plug-In Hybrid jepparnir í sínum stærðarflokki með lágt drif. Ótrúlegt verð á bílum hlöðnum lúxusbúnaði.

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ



4X4 JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.499.000 KR.*



4X4 JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.999.000 KR.*

ISBAND

UMBODSADILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARISKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

Alvöru rafmagnshjól frá enox.®

Sennilega allra bestu rafhjólakaupin
á þessu vori

Umhverfisvænt - 250W
25 km hraði - Drægni 70 km



Nýtt
karlmanns-
reiðhjól

Mest seldu rafhjólin
í Húsasmiðjunni, á ótrúlegu verði

169.900 kr

3903103, 3903104

Rafmagnshjól ENOX EBX37 - EBX34

Enox Yadea rafmagnsreiðhjól, 7 gíra borgarhjól, 36v rafhlaða undir bögglaþera, Bafang mótör að framan, hleðslutími 3-6 klst., Tektro V bremsur. Stillanlegt framstýri, ljós að framan og aftan, bögglaþeri, bretti, þjalla, keðjuhlíf, dempari að framan, áfastur lás fylgir með.

Fást aðeins í Húsasmiðjunni



HÚSASMÍDJAN

FYRIR
ÞIG

enox.®
enjoy life

ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Óvissan um Ólympíuleikana fer vaxandi

Stjórnvöld í Japan sæta auknum þrýstingi til að aflýsa Ólympíuleikunum. Framkvæmdastjóri Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands segir að allt verði gert til að leikarnir fari fram í sumar.

arnartomas@frettabladid.is

JAPAN Um 60 prósent Japana vilja að hætt verði við Ólympíuleikana sem eiga að hefjast þar í landi 23. júlí. Þetta kemur fram í niðurstöðum skoðanakönnunar dagblaðsins Yomiuri Shimbun.

Eins og Fréttablaðið greindi frá ákváðu japönsk stjórnvöld í síðustu viku að framlengja neyðarástand í landinu vegna Covid-19 fram til maíloka. Fjórða bylgja faraldursins stendur nú yfir og þúsundir nýrra tilfella hafa greinst daglega að undanfögnu. Alls hafa 642 þúsund greinst með smit í landinu.

„Það yrði óásættanlegt ef ófullnægjandi ráðstafanir vegna leikanna yrðu þess valdandi að ný afbrigði veirunnar bærust til landsins,“ sagði Yukio Edano, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Japan, á þingfundum í síðustu viku.

Þrátt fyrir að hafa itrekað sagt að leikarnir yrðu haldnir virðist forsætisráðherrann Yoshihide Suga einnig vera að ihuga stöðu mála. Aðspurður hvort halda ætti þá ef faraldurinn héldi áfram að stig-magnast svaraði hann: „Ég hef aldrei sett leikana í fyrsta sæti.“

„Við erum að sjálfsögðu áhyggjufull en það hefur verið í umræðunni núna að Ólympíuleikarnir



„Slökkvið á Ólympíukyndlinum“ segir á borða mótmælenda í Japan um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

muni fara fram með breyttu sniði,“ segir Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. „Það er verið að gera allar ráðstafanir til að draga úr hættu á smiti sem hægt er.“

Líney segir þó að lokaákvörðunin um að taka þátt á leikunum sé undir íþróttafólkinu komin. „Það

mun enginn neyða einn né neinn til að fara,“ segir hún.

Að sögn Líneyjar hefur Alþjóða-ólympíunefndin gert samning við lyfjaframleiðandann Pfizer og nú sé verið sé að skoða hvort hægt verði að bólusetja íslensku Ólympíufarana áður en þeir fara út. Alþjóðlegir áhorfendur verða

ekki á leikunum í ár og miklar takmarkanir eru á hverjir mega sækja leikana.

Aðspurð hvað það myndi þýða fyrir íþróttafólkið ef leikunum yrði aflýst segir Líney að einhverjir gætu misst tækifærið til að taka þátt.

„Ef til þess kæmi væri það auðvitað skelfilegt fyrir íþróttafólk



Við krossum fingur um að þetta geti allt farið fram með öruggum hætti, en að sjálfsögðu má ekki taka neina áhættu með heilsu og líf fólks.



Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands

sem hefur verið að undirbúa sig í alla vega fjögur ár, ef ekki mun lengur, og missir síðan tækifærið á að spreyta sig á þessu stærsta sviði íþróttanna,“ segir hún. „Við krossum fingur um að þetta geti allt farið fram með öruggum hætti, en að sjálfsögðu má ekki taka neina áhættu með heilsu og líf fólks.“ ■

2021 | Ársfundur Samáls

Sóknarfæri í loftslagsmálum

Ársfundur Samáls verður haldinn í dag, þriðjudag kl. 14:00. Fylgjast má með viðburðinum á vefsvæði Samáls, www.samal.is. Eftir streymið verður fundurinn áfram aðgengilegur á vefsvæði Samáls.

Staða og horfur í áliðnaði

- Gunnar Guðlaugsson, stjórnarformaður Samáls og forstjóri Norðuráls

Ávarp

- Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Sóknarfæri í loftslagsmálum

- Guðrún Þóra Magnúsdóttir, leiðtogi umhverfismála og rannsóknastofu hjá Isal
- Steinunn Dögg Steinsen, framkvæmdastjóri umhverfis- og öryggissviðs Norðuráls
- Fiona Solomon, framkvæmdastjóri Aluminium Stewardship Initiative

Samkeppnishæfni íslenskrar álframleiðslu

- Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins
- Bjarni Már Gylfason, leiðtogi samfélagsmála og samskipta hjá Isal
- Guðrún Sævarsdóttir, dósent í verkfræði við verkfræðideild HR
- Eoin Dinsmore, yfirmaður greiningarsviðs áliðnaðar hjá CRU

Nýr tónheimur og hringrásarvæn hönnun

- Nýr tónheimur opnast með alúfóni, nýju hljóðfæri Sinfóníunnar
- Innlit í framleiðslu á hringrásarvænum vörum hönnunarfyrtækisins Fólks Reykjavík

Fundarstjóri er Dagmar Ýr Stefánsdóttir, yfirmaður samskipta- og samfélagsmála hjá Alcoa Fjarðaáli



Elskarðu að hangsa?

fatboy®


**Fatboy hengirúmin eru
fullkominn staður til þess
að hanga á og hvílast.**

Hvort sem er inni eða úti, heima eða uppi í bústað,
Heademock hengirúmið frá Fatboy elskar að
hangsa með þér.

Verð 84.900 kr.



Palestínsk kona fær aðstoð eftir að hún særðist í mótmælum við Damaskushliðið í Sheikh Jarrah-hverfinu í Jerúsalem. Þar var ákvörðun ísraelskra dómshofnaðs mótmælt en þau skipuðu fyrir um brottvísun sex palestínskra fjölskyldna frá heimilum sínum. Ísraelska dómshofnaðsáráðuneytið frestaði brottvísun fjölskyldnanna í kjölfar mótmælanna. MYNDIR/EPA




Heilbrigðisstarfsmaður undirbýr spritt í Wat Huai Khwang hofinu í Bangkok á Tailandi. Þar fóru fram skim-anir eftir að búddamunkur lést af völdum Covid-19.



Kona faðmar son sinn fyrir framan vegg þar sem upplýsingum hefur verið komið fyrir um týnda einstaklinga í borginni Guadalajara í Mexíkó. Stór hluti hvarfanna hefur verið rakinn til skipulagðrar glæpastarfsemi.




Úkraínar stúlkur í Kíev á sigurdegnum. Fyrrum Sovétríki halda daginn hátíðlegan þar sem sigri á Þýskalandi nasista í síðari heimsstyrjöldinni er fagnað.



Meðlimir í hin-segin samfélaginu í Kólumbíu tóku þátt í mótmælunum þar í landi. Mótmælin hafa staðið yfir síðan 28. apríl þar sem tugir þúsunda hafa sameinast í andstöðu gegn fyrirhuguðum skattabreytingum stjórnvalda.

FASTEIGNASALAN
TORG

Kraftur, **traust**
og **árangur**



Hringdu
núna
520 9595

Hafdís Rafnsdóttir
Sími: 820 2222



Auglýsing

Hlutafjárútboð Sildarvinnslunnar hf.



Útboðinu lýkur á morgun

Almennt útboð á útgefnum hlutum stendur yfir í dag, þriðjudaginn 11. maí og lýkur kl. 16:00 á morgun, miðvikudaginn 12. maí, 2021.

Í útboðinu eru boðnir til sölu 447.626.880 þegar útgefni hlutir í Sildarvinnslunni hf. Gefi eftirspurn tilefni til hafa seljendur heimild til að fjölga seldum hlutum í útboðinu um allt að 51.000.000 hluti, þannig að fjöldi seldra hluta muni samtals verða allt að 498.626.880.

Tekið er við áskriftum á útboðstímabilinu á eftirfarandi vef: www.landsbankinn.is/sildarvinnslan.

Hlekkur á áskriftarvefinn er aðgengilegur á vef umsýjaraðila, Landsbankans hf., www.landsbankinn.is og á vef Sildarvinnslunnar hf., www.svn.is.

Fjárfestar geta valið um tvær tilboðsbækur í útboðinu sem eru m.a. ólíkar hvað varðar stærð áskrifta og úthlutunarreglur. Hver hlutur í Sildarvinnslunni hf. er að nafnverði 1 króna.

Tilboðsbók A

Tilboðsbók B

Tilboðsverð	Tilboðsbók A	Tilboðsbók B
	Tilboð gerð innan verðbilsins 55-58 kr./hlut. Salan fer fram á föstu verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum (hollenskt útboð). Verð í tilboðsbók A verður ekki hærra en í tilboðsbók B.	Tilboð gerð yfir lágmarksverði 55 kr./hlut. Salan fer fram á föstu verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum (hollenskt útboð).
Stærð útboðs 24,6-26,0 ma.kr. að söluandvirði ¹⁾	90.909.091 hlutir (um 20% af útboði).	356.717.789 hlutir (um 80% af útboði).
Réttur til að stækka útboð í 27,4-28,9 ma.kr. að söluandvirði	Seljendur hafa rétt til að stækka útboðið um allt að 51.000.000 hluti (eða sem nemur 3% af þegar útgefna hlutafé).	
Stærð áskrifta ²⁾	Áskriftir að kaupverði 100 þ.kr. – 20 m.kr.	Áskriftir að kaupverði yfir 20 m.kr. Tilboð ekki yfir stærð útboðs.
Meginreglur varðandi úthlutun ³⁾	Leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 1 m.kr.	Samþykki tilboða verður ákvarðað á grundvelli tilboðsverðs. Ef til umframeftirspurnar kemur verður skerðing hlutfallsleg.

Áætlað er að niðurstaða útboðsins verði birt á vef Sildarvinnslunnar hf. eigi síðar en 14. maí 2021. Gjaldlagi og eindagi áskrifta er áætlaður 20. maí 2021.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er skuldbindandi. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutum í Sildarvinnslunni hf. eru fjárfestar hvattir til að kynna sér upplýsingar um Sildarvinnsluna hf. og lýsingu félagsins sem dagsett er 3. maí 2021, og hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Lýsinguna má finna á vef Sildarvinnslunnar hf., www.svn.is/fjarfestar/ eða á vef umsýjaraðila, www.landsbankinn.is/sildarvinnslan.

Landsbankinn hf. umsýjaraðili útboðsins, veitir upplýsingar og tæknilega aðstoð:

Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbókar A veitir Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans hf.

Sími: +354 410-4040

Tölvupóstfang: vl@landsbankinn.is

Frekari upplýsingar: www.landsbankinn.is/sildarvinnsla

Upplýsingar og tæknileg aðstoð vegna tilboðsbókar B veitir Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf.

Sími: +354 410-4000

Tölvupóstfang: utbod@landsbankinn.is

Frekari upplýsingar: www.landsbankinn.is/sildarvinnsla

¹⁾ Miðað við grunnstærð útboðs og verðbil í tilboðsbók A. Seljendur áskilja sér rétt til þess að breyta innbyrðis stærð tilboðsbóka reynist eftirspurn gefa tilefni til þess og að teknu tilliti til markmiða útboðsins.

²⁾ Með áskriftum er átt við tilboð sem þátttakendur (áskrifendur) leggja fram í hlutafjárútboðinu.

³⁾ Seljendur áskilja sér rétt til þess að vika frá meginreglum varðandi úthlutun og skerða áskriftir og úthluta hlutum með þeim hætti sem þeir telja æskilegt til að ná fram markmiðum útboðsins, þ.m.t. að hafna áskriftum í heild eða að hluta án sérstakrar tilkynningar eða rökstuðnings þar um.

Villigötur



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Kenningin um skiptingu ríkisvaldsins er rakin aftur til 18. aldar heimspekinga og fræðimanna. Einkum þeirra Montesquieu, sem setti fram hugmyndir sínar þess efnis í bók sinni *Andi laganna*, og Johns Locke.

Kenningin gerir ráð fyrir að ríkisvaldinu sé skipt í jafn réttháa þætti, oftast þrjá: löggjafarvald, framkvæmdavald og dómvald. Hverjum þætti er svo ætlað að takmarka og tempra hinn, með það að markmiði að minnka líkur á ofríki og geðþóttastjórn. Þannig er þetta hér á landi. Alþingi setur lög. Framkvæmdavaldið framkvæmir, en þó aðeins í samræmi við lög. Dómstólar skera úr um lagaleg álitæfni sem lögð eru fyrir þá.

Þriggreining ríkisvalds er því mjög þýðingarmikil og grundvöllur stjórnskipunarinnar. Þar sem hér er þingræði eru það jafnan fulltrúar löggjafarvaldsins sem fara með framkvæmdavaldið. Líki fulltrúum löggjafarvaldsins ekki hvernig farið er með framkvæmdavaldið, á framkvæmdavaldið undir því að missa traust og getur glatað umboði sínu.

Því er verið að rekja þetta að nú hefur héraðsdómari einn ákveðið að gefa kost á sér í prófkjöri stjórnmalaflokks með það fyrir augum að verða á framboðslista hans í komandi alþingiskosningum. Það er fremur sjaldgæf staða og gefur tilefni til að staldra við og íhuga hvað það í reynd þýðir þegar maður með dómvald hyggst láta reyna á fylgi sitt og freista þess að komast á þing. Nú bendir reyndar margt til þess að það muni honum ekki takast en það er aukaatriði í málinu.

Dómarinn hefur þá sérstöðu að hann hefur opinberlega og itrekað tekið þátt í umræðu um samfélagsmál. Fremur fátítt er að dómarar geri það og félagar hans í dómarafélaginu hafa að því er virðist amast við þessu háttalagi. Við það hefur hann ekki fellt sig og sagði sig úr þeim félagsskap.

Það er ástæða til að amast við þessum skrifum dómarans. Auðvitað hefur hann rétt til að tjá sig en þegar hann sóttist eftir dómaraembætti vissi hann eða mátti vita að embættisfærslan setti honum skorður og takmarkaði frelsi hans.

Þátttaka dómarans í umræðu um samfélagsmálefni hefur bent til að hann hefði í hyggju að láta frekar til sín taka á þeim vettvangi. Áformin um prófkjörsframboð komu því ekki alls kostar á óvart.

Haft hefur verið eftir dómaranum að hann hyggist fara í leyfi á meðan á framboðinu stendur. Ekki er að skilja annað en að hljóti hann ekki viðunandi framgöngu í baráttunni um sæti á lista muni hann snúa úr leyfinu og taka til við að dæma á ný.

Þetta er ófært. Dómarinn verður að gera upp við sig hvort hann vill búa til lög eða dæma eftir þeim. Undir hann sem dómara verða borin álitæfni og við megum ekki við því að tilefni sé gefið til að efast um óhlutdrægni hans, hvort sem það er undir rekstri máls fyrir dómi, eða þegar niðurstaða er fengin.

Dómarinn á að sjálfsgöðu stjórnarskrárvarinn rétt til að sækjast eftir sæti á lista en sá réttur getur ekki trompað stjórnarskrárvarinn rétt hinna til að bera mál sín undir óháðan og óhlutdrægan dómstól. Það ætti dómarinn að vita. ■

”
Dómarinn verður að gera upp við sig hvort hann vill búa til lög eða dæma eftir þeim.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Hjálpaðu okkur að bjarga mannlífum

Vertu Bakvörður Landsbjargar — landsbjorg.is

■ Halldór



■ Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Valdamesti Framsóknarmaðurinn

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, skellti á skeið á Sprengisandi Bylgjunnar á sunnudaginn þegar hann upplýsti að þessi dægri talaði Framsóknarfólk, sér til skemmtunar, um Joe Biden, forseta Bandaríkjanna, sem „valdamesta Framsóknarmann í heimi“ og itrekaði þá skoðun sína að Biden væri samvinnumaður sem væri nú að reyna að gera það sem „við í Framsókn höfum mikið oft talað um, oft framkvæmt í gegnum tíðina.“ Það er að segja fjárfesta í fólki og innviðum.

X-Bergþórshvöll

Framsóknarfólk hefur í gegnum tíðina átt það til að freistast til þess að tengja sig við samtímann með því að teika þekkt nöfn úr hinum stóra heimi alþjóðastjórnmalá. En römm er hún þó alltaf taugin til sauðkindarinnar og sveitarinnar og slagkrafturinn mestur þegar þekktar persónur úr sögu þjóðarinnar eru skráðar, að þeim forspurdum, í flokkinn. DV greindi frá því að Guðni Ágústsson hefði tekið sig til sumarið 2002 og lýst Njál á Bergþórshvelli fyrsta Framsóknarmanninn. Þá merkti hann einnig X-B við Þorgeir Ljós- vetningagoða þar sem úrskurður hans árið 1000, var „mjög í anda okkar Framsóknarmanna“. ■

Styðjum saman við íþróttastarfið



Haukur Valtýsson
formaður UMFÍ



Jóhann Steinar Ingimundarson
varaformaður UMFÍ

”
En þótt lífið sé að komast í samt lag þá megum við ekki slaka á.

Bólusetningar gegn kórónaveirunni ganga afar vel og er nú farið að hilla undir að við sjáum fram á að daglegt líf komist í samt lag á ný. Við höfum barist við veiruna og afleiðingar hennar í á annað ár og margir fært miklar fórnir. Það sem hefur skipt sköpum og án nokkurs vafa komið okkur í gegnum þetta er samstaðan í samfélaginu.

Íþróttahreyfingin hefur unnið ótrúlega þétt og vel saman til að vernda starfið um allt land, sérstaklega hefur hún staðið vörð um skipulagt íþróttastarf barna og ungmennta ásamt stjórnvöldum sem hafa stutt gríðarlega vel við starfið.

En þótt lífið sé að komast í samt lag þá megum við ekki slaka á. Þvert á móti verðum við að vera vakandi og horfa til framtíðar með það fyrir augum að halda áfram að styrkja íþróttastarf á Íslandi. Það er nefnilega alltaf hægt að gera betur og fjölmörg tækifæri til staðar.

Fjármögnun er lykilþátturinn í því að halda úti starfi íþróttafélaga. Íþróttahreyfingin á með fleirum fyrirtækin Íslenska getspá og Íslenskar gettraunir. Afkoma þessara fyrirtækja skilar mánaðarlegum greiðslum til íþróttafélaga um allt land og aukagreiðslum þegar vel gengur. Þetta er ómetanlegur stuðningur.

Á sama tíma stafar fyrirtækjunum okkar og íþróttastarfinu ógn af erlendum veðmálasíðum, fyrirtækjum sem eru ekki heimil hér á landi og styrkja ekki íþróttastarf á Íslandi með neinum hætti. Eins og fram kemur í nýjasta tölublaði *Skinfaxa*, tímariti UMFÍ, er talið að Íslendingar verji um sjö milljörðum króna í veðmál á erlendum síðum. Það er óásættanlegt. Þetta eru fjármunir sem íslensk íþróttafélög verða að stórum hluta af.

Ef brot af þeirri upphæð væri nýtt hér á landi myndi það styðja við íslenskt íþróttastarf. Eins og staðan er nú gera þeir sem veðja á leiki erlendra veðmálafyrirtækja það ekki.

Styðjum við íslensk íþróttafélög! Það er samfélagi okkar til góða. ■

Hamilton hyggst framlengja við Mercedes-liðið

hjoarvaro@frettabladid.is

FORMÚLA 1 Breski ökuþóririnn Lewis Hamilton hefur í hyggju að framlengja samning við Mercedes-liðið og stefnt er að því að gengið verði frá samningum áður en sumarfrí hefst í Formúlu 1.

Þessi 36 ára gamli ökuþór tjáði sig um stöðu samningsmála eftir að hafa komið fyrstur í mark í spænska kappakstrinum á sunnudaginn.

„Það er engin ástæða til að flýta sér of hratt í þessum efnum en það væri hins vegar skynsamlegt að fara að ljúka þessum viðræðum sem fyrst,“ segir þessi sjöfaldi heimsmeistari.

„Fram undan eru flóknar viðræður og það er sniðugt að nýta tímann í aðdraganda sumarfrísins til þess að vaða í þetta,“ segir Hamilton en hann og Toto Wolff, eigandi liðsins, hafi viljað fresta viðræðunum á meðan Bretinn væri upptekinn við að jafna met Michaels Schumacher með sjöunda heimsmeistaratitli sínum undir lok síðasta árs. ■



Tékkinn á góðum degi. MYND/ÍHÍ

Kolek tekur að sér viðameira starf


hjoarvaro@frettabladid.is

ÍSHOKKI Íshökkísamband Íslands, ÍHÍ, hefur framlengt samning sinn við Vladimir Kolek.

Fram kemur á heimasíðu ÍHÍ að Kolek, sem verið hefur þjálfari íslenska karlalandsliðsins í íshokki undanfarin ár, muni flytja til Íslands og fara í viðameira starf hjá sambandinu.

Tékkinn verður einnig afreksstjóri ÍHÍ en hann tekur til starfa í ágúst og er með samning út apríl 2023.

Kolek mun leiða allt starf yngri landsliða Íslands og vera til staðar fyrir félögin í landinu varðandi uppbyggingu þeirra. ■



Guðni Valur Guðnason kastar hér kringlu sinni í Split en hann keppti þar á afar langbráðu alþjóðlegu móti um nýliðna helgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nokkrum vikum á undan áætlun

Kringlukastarinn Guðni Valur Guðnason vann silfurverðlaun á kastmóti sem fram fór í Split í Króatíu um síðastliðna helgi. Guðni Valur þarf að bæta sig um tvo metra eða safna nógu mörgum stigum í sarpinn til þess að komast í fámennan en góðmennan Ólympíuhóp Íslands.

hjoarvaro@frettabladid.is

FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR Guðni Valur Guðnason tók þátt í sínu fyrsta alþjóðlega móti utanhúss í kringlukasti í tæp tvö ár og kastaði kringlunni 63,66 metra á móti sem haldið var í Split um síðustu helgi.

Íslandsmethafinn telur sig eiga töluvert inni og er vongóður um að ná að tryggja sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum sem fram fara í Tókýó í ágúst.

„Það var mjög gott að komast aftur á alþjóðlegt mót og sjá hvar ég stend með nokkrum afsterkustu kringlukösturum heims. Ég hef verið við æfingar á Tenerife síðasta mánuðinn um það bil og það hefur gert mér mjög gott.

Ég er í mjög góðu líkamlegu formi og ég myndi halda að ég væri nokkrum vikum á undan áætlun miðað

við venjulegt ár hvað form varðar.

Þetta var fin kastsería en ég finn það alveg að ég á nóg inni og það var kraftur í líkamanum til þess að kasta lengra,“ segir Guðni Valur en hann ákvað að halda til Tenerife til þess að æfa sökum aðstöðuleysis hér heima og þar sem verið var að skella öllu í lás vegna kórónaveirufaraldursins.

Hítinn hefur haft góð áhrif

„Það hefur verið mjög þægilegt að geta kastað við góðar aðstæður í miklum hita síðustu vikurnar. Nú er bara að komast í takt aftur hvað keppnisform varðar. Fram undan er vinna við að bæta tæknina og það kemur allt. Þetta hafa verið skrítnir tímar vegna veirunnar síðustu ár og mikið þúsluspil að skipuleggja sig hvað mótahald varðar.

Það er ekkert stórmót í sumar fyrir Ólympíuleikana og ég er í hálfgerðum interrail-filing að finna góð mót og staði til að æfa í aðdraganda þeirra. Næstu tvö verkefni eru sterk mót í Zagreb og Helsingborg og ég hlakka mikið til þess að keppa þar.

Ég þarf annað hvort að ná kasti upp á 66 metra eða safna nógu mörgum stigum til þess að tryggja mér farseðil til Tókýó og það er klárlega raunhæft. Ég hugsa að ég hafi



Ég þarf annað hvort að ná kasti upp á 66 metra eða safna nógu mörgum stigum til þess að tryggja mér farseðil til Tókýó og það er klárlega raunhæft.

Guðni Valur Guðnason

aldrei kastað svona langt á þessum tíma árs á ferlinum og það gefur góð fyrirheit um það sem koma skal,“ segir þessi öflugur kringlukastari.

Næsta verkefni að finna takt

„Það er auðvitað allt annað að vera að kasta kringlu einn á Tenerife en að keppa á mótum og bætingin verður mun örari og meiri þegar maður er að keppa reglulega á mótum. Ég er ekki alveg viss um að hvað ég geri eftir Zagreb og Helsingborg en það kemur bara í ljós.


Síðustu mánuðir hafa kennt manni það að taka bara einn dag og eina viku í einu og vera snöggur að aðlagast breyttum aðstæðum. Það væri auðvitað þægilegra að vera með fleiri fasta punkta í planinu en svona er þetta bara og maður verður bara að gera það besta úr aðstæðunum sem eru til staðar.

Svo fer þessi blessaða veira vonandi að kveðja okkur eða við afreksíþróttamenn að komast í bólusetningu þannig að maður geti verið áhyggjulausari við æfingar og keppni.

Jákvæðu tíðindin eru allavega þau að mér líður vel, ég er í góðu formi og er bjartsýnn á gott gengi í næstu mótum,“ segir Guðni um framhaldið. ■



Fjölskyldupakkinn:



= **19.990 kr.**
ALLT ÓTAKMARKAÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 11. maí 2021



Skógareldar geta valdið miklum skaða. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Heimsins mestu gróðureldar

sandragudrun@frettabladid.is

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að undanfarið hefur verið nokkuð um gróðurelda hér á landi, sem er heldur óvanalegt. Þar sem loftslag er þurrara er meiri hætta á gróðureldum. Það er erfitt að segja til um hverjir stærstu gróðureldar heims hafa verið þar sem erfitt er að bera þá saman. Sérstaklega þar sem þeir hafa komið upp á ólíkum tímum og tæknin til mælinga því misjöfn. Tveir eru þó taldir vera þeir stærstu í mannkynssögunni. Chinchaga-eldurinn hófst í skógarhöggi í Bresku Kólumbíu í Kanada þann 1. júní 1950. Hann óx upp úr öllu valdi og lauk fimm mánuðum síðar, þann 31. október, í Alberta. Þá brunnu um 3 milljónir hektara af skógi.

Risastór sviðin jörð

Talið er að Daxing'anling-eldarnir árið 1987 sem geisðu í Khingan-fjallgarðinum í Kína hafi brennt svipað stórt svæði af furuskógi. Eldarnir geisðu í tæpan mánuð. Í þeim létust yfir 200 manns, 250 særðust og tugir þúsunda misstu heimili sín. Á sama tíma og Daxing'anling-skógareldarnir geisðu brutust einnig út skógareldar hinum megin við landamærin í Síberíu. Gervihnattagögn benda til þess að allt að 32-37 milljónir hektara af barrskógabeltinu hafi orðið fyrir áhrifum af þeim. Ef kínversku og síberísku eldarnir eru lagðir saman höfðu þeir skaðleg áhrif á 40 til 45 milljónir hektara svæði.



Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif
eftir iðnaðarmenn thvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

Málarar

REGNBOGALITIR.IS

Málningarþjónusta Við
málum og spórslum hús og
mannvirki innan sem utan. Við
háþrýstibvóm, vatnsverjum og
styrkjum steiningu og sjónsteypu.
Við erum vandvirkir fagmenn með
mikla reynslu. Sími 8919890 eða
malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum
innan og utanhús. Vönduð
vinnubrögð og góð umgengni.
Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf.
Sigurður 896-5758.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnsúpa. Tarot. Ársspá.
Draumráðningar, ást og peningar.
Andleg hjálpa. Trúnaður.

Búslóðaflutningar

Gef tilboð í búslóðaflutninga í
öllum stærðum. Áratuga-reynsla.
Guðmundur. 864-7896

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð. Straumblik
ehf. Löggiltur Rafverktaki.
straumblik@gmail.com

Húsviðhald

FLOTUN

Tek af mér að flota gólf og fl.

Tímavinna eða tilboð.

Upplýsingar í síma: 777-2242



Við hreinsum allar gerðir
loftreastikerfa. Hafðu samband og
pantaðu frjá ástandsskoðun í síma:
557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá byli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Ukulele á tilboði



Mikið úrval
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opíð mán - fös 11-16,
Skípholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil +
milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða
geymsla. Leiga: 109 þús.
S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS

gjofsemgefur.is
907 2002



ÚTBOÐ

Gatnagerð í Dalshverfi III



Reykjanesbær óskar eftir tilboðum
í verkið Gatnagerð, Dalshverfi III, 1. áfangi

Verkið felst í jarðvegsskiptum, vatns- og holræsalögnum
ásamt uppbyggingu gatna og jarðvinnu fyrir lagnir
veitustofnana. Verk þetta skal unnið frá júní 2021 til
desember 2021.

Helstu verkþættir og magntölur eru:

Uppúrtekt	52.600 m ³
Fyllingar	61.500 m ³
Klapparvinna í götu	3.900 m ³
Klapparvinna í skurðum	3.200 m
Lagnir	4.900 m
Lagnaskurðir veitustofnana	2.800 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi hjá
Verkfræðistofu Suðurnesja, Víkurbraut 13, 230 Keflavík,
frá og með miðvikudeginum 12. maí 2021.

Óskir um útboðsgögn sendist á netfangið,
vs@vss.is og verða þau þá send þeim sem þessa óska.

Þar sem útboðið er rafrænt skulu tilboð send rafrænt í
tölupósti á innkaupastjori@reykjanesbaer.is eigi síðar en
fimmtudaginn 27. maí 2021 kl. 11.00.

Ekki verður haldin formlegur opunarfundur en
tilboðsgjafar fá senda opunarfundargerð fljótlega eftir
opnun þar sem fram kemur: Hverjir sendu inn tilboð,
tilboðsupphæð og kostnaðaráætlun.



Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Dýpkun við Sundabakka á Ísafirði

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum sam-
kvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun,
Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu framkvæmdaraðila er
einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

ÚTBOÐ – URRÍÐAHOLT MALBIKUN GATNA

GARÐABÆR ÓSKAR EFTIR TILBOÐUM Í VERKIÐ: URRÍÐAHOLT – MALBIKUN GATNA 2021

Verkið felst í jarðvegsskiptum, upphækkun
brunna og niðurfalla og malbikun gatna í nýju
íbúðahverfi í Urriðaholti. Verkinu skal lokið fyrir
1. september 2021.

Helstu magntölur eru:

Heflun og þjöppun yfirborðs.....	12.940 m ²
Efra burðarlag	1.650 m ³
Malbikun	13.340 m ²
Upphækkun á brunnum.....	102 stk.
Upphækkun á niðurföllum	17 stk.

Útboðsgögn er hægt að nálgast á vef
Garðabæjar, gardabaer.is, þriðjudaginn 11. maí
2021. Tilboð verða opnuð með rafrænum hætti
á hjá EFLU verkfræðistofu, Lynghálsi 4, 110
Reykjavík, fimmtudaginn 27. maí klukkan 14.00.



GARÐABÆR
gardabaer.is



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Einfalt og þægilegt!

Fast-fix sturtuklefi
með smellukerfi,
engar skrúfur,
ekkert sílikon



Sturtuklefi

80x80 cm

94.500 kr.-

*blöndurnartæki fylgja ekki

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is
Virka daga 9-18 | Laugardaga lokað

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

Gluggasmiðjan – ekki bara gluggar

Gluggasmiðjan býður ekki lengur bara upp á glugga og hurðir. Þar er nú fjölbreytt framboð af öllum gerðum af hurðum og gluggum, rúðuglerjum, öryggisglerjum, speglum, glerhýsum, svalahandriðum, glerlokunum og öðru.


Gluggasmiðjan er komin í glæsilegt nýtt húsnæði við Steinhellu 17A í Hafnarfirði þar sem fyrirtækið er með mjög flottan 1.000 fermetra sýningarsal þar sem viðskiptavinir geta skoðað vöruframboðið, sem hefur verið stórbætt.

„Hingað til höfum við sérhæft okkur í gluggum og hurðum, en nú er úrvalið mun fjölbreyttara en nokkru sinni áður,“ segir Hafsteinn Hilmarsson sölustjóri.

Einstaklega gott úrval

„Í fyrsta lagi bjóðum við upp á allar gerðir glugga, úr timbri, plasti, áli og állklædda timburglugga og við erum einnig með timburhurðir, álhurðir og rennihurðir í nokkrum útfærslum,“ segir Hafsteinn. „Þar að auki erum við með svalahandrið, svalalokanir, sturtugler og glerveggi og skilrúm í skrifstofur og í raun má segja að við bjóðum upp á allar gerðir af gleri. Við erum líka með alls kyns spegla í nokkrum litum, með ljósi og án þess, ásamt ýmsu öðru. Að auki seljum við sjálfvirkar hurðir í innganga fyrir verslanir og aðra þjónustu. Við vöndum svo allt af valið við innkaup til að tryggja að við seljum einungis hágæða vörur.“

Állkæddir timburgluggar og plastgluggar, ásamt rennihurðum, eru vinsælustu vörurnar okkar,



Gluggasmiðjan er komin í glæsilegt nýtt húsnæði með mjög flottan sýningarsal þar sem hægt er að skoða stórbætt vöruframboðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Hjá Gluggasmiðjunni fást nú líka timburhurðir, álhurðir og rennihurðir í nokkrum útfærslum, ásamt svalahandriðum, svalalokunum, sturtugleri og glerveggjum og skilrúmunum í skrifstofur.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

enda bjóðum við upp á þessar vörur á mjög góðu verði,“ segir Hafsteinn.

„Það er líka ein nýjung sem við getum boðið upp á núna, en það eru útihurðir úr áli með löngu ryðfríu handfangi, LED-lýsingu í karmi og til dæmis fingrafaraskanna eða annars konar aðgangskerfi,“ segir Hafsteinn. „Á næstu vikum ætlum við að setja upp eina mjög flotta slíka hurð í sýningaraðstöðunni okkar.“

Gluggasmiðjan býður upp á sérlega gott og fjölbreytt úrval í þessum vöruflokkum. Það eru

önnur fyrirtæki sem selja vörur í sömu flokkum, en það er ekkert annað fyrirtæki með þær allar,“ segir Hafsteinn. „Hér er því hægt að fá megnið af því sem þarf til að byggja húsið á einum stað og við erum alltaf tilbúin til að skoða magnafslátt.“

Tíminn fyrir framkvæmdir alveg að koma

„Í gegnum tíðina hefur þjónusta Gluggasmiðjunnar verið meira miðuð við verktaka en almenn- ing, en það hefur breyst og í dag þjónustum við báða hópna til jafns,“ segir Hafsteinn. „Við vinnum líka með mörgum góðum verktökum og ef viðskiptavinir okkar vantar verktaka í gluggaskiptin sem dæmi getum við bent fólk í rétta átt og fengið vant fólk í verkin.“

Nú er öll starfsemi Gluggasmiðjunnar undir einu þaki, bæði söluskrifstofan, lagerinn og sýningarsalurinn, og engar vörur eru geymdar úti í veðri og vindi, allt geymt innanhúss við bestu aðstæður,“ segir Hafsteinn. „Þetta er góður tími til að heimsækja okkur í nýju aðstöðuna til að kynna sér úrvalið þar sem við erum búinir að koma okkur vel fyrir og koma sýningarsalnum í gott horf.“

Núna þegar sumarið er að koma er góður tími til að panta glugga, svo það sé hægt að nýta góða veðrið í framkvæmdir,“ segir Hafsteinn. „Afhendingartíminn hjá okkur er einn sá stysti á markaðnum. Í maí og júní erum við líka að bjóða upp á 40% afslátt af öllu einangrunargleri, svo það er ekki eftir neinu að biða.“

LED Húsnúmer



Sérsmíðum á öll hús, fjölbýli og fyrirtæki
Falleg húsnúmer í miklu úrvali

- Endingargóð LED lýsing
- Minni rafmagnsnotkun
- Fæst í lituðu áli.



Hægt er að skoða og versla á sýningarbás okkar hjá Skómeistararnum í Smáralind.

Hafðu samband á Facebook, í síma 755 6080 eða á ledhusnumer1@gmail.com og pantaðu þitt ljós!



Góður undirbúningur er lykilatriði

Góður undirbúningur er afar mikilvægur og sömuleiðis að velja ábyrgan verktaka þegar fólk undirbýr viðhaldsframkvæmdir Mörg dæmi eru um að viðhaldsframkvæmdir hafi farið illa af stað og endað illa. Í flestum tilfellum er um að kenna slægum undirbúningi og röngu vali á verktökum. Það er skammgóður vermir að spara á undirbúningsstiginu. Þar er grunnurinn lagður og ef hann er veikur þá er ekki við góðu að búast, segir Sigurður Helgi Guðjónsson hrl. og formaður Húseigendafélagsins.

Hvernig á að standa að undirbúningi?

„Ekki er til nein einhlit regla um það. Verk eru mismunandi og aðstæður sömuleiðis. Í fjöleignarhúsum þarf að liggja fyrir lögleg ákvörðum. Þegar hún er komin er rétt að fá hlutlausan sérfræðing til að meta ástand hússins og viðgerðarþörf. Í því ástandsmati felst yfirleitt gróf lýsing á ástandi ásamt sundurliðuðum verklíðum með áætlunum magnatölum. Húseigendur eru hvattir til að snúa sér til tæknimanna og fyrirtækja sem framkvæma slíkt mat en framkvæma þau ekki sjálfir eða fá fúskara til þess. Sé um minni verk að ræða er hægt að óska eftir tilboðum frá verktaka, byggðum á magnatölum og verklýsingu samkvæmt ástandsmati. Við stærri verk eru úttektaraðilarinn jafnan fegnir til að fullgera útboðs- og verklýsingu og standa að útboði. Mikilvægt er fyrir eigendur að gæta þess að viðurkenndir meistrarar standi fyrir viðhaldsverkum þar sem slík verk eru oft mjög vandasöm. Þá er ekki síður mikilvægt að leitað sé til hæfra ráðgjafa er hafi næga þekkingu til úttekta.“

Því miður eru töluverð brögð að reikningslausum viðskiptum og virðast sumir húseigendur telja sig spara á því. Rétt er að ítreka að yfirleitt ofmetur verkkaupi hag sinn í þeim viðskiptum. Verkkaupi



Að mörgu er að hyggja þegar farið er út í framkvæmdir eða endurbætur á húsum.

stendur eftir án nokkurs eða veikburða réttar gagnvart verktaka og ábyrgð á verki er engin. Einnig er mikilvægt að benda á að virðisaukaskattur fæst aðeins endurgreiddur af vinnu við nýsmíði, endurbætur og viðgerðir á húsnæði, ef reikningar frá verktaka eru fullgildir,“ segir hann.

Heilræði til húsfélaga í framkvæmdaham:

- Fá hlutlausan sérfræðing til að meta ástand eignarinnar og viðgerðarþörf.
- Við minni verk er hægt að óska eftir tilboðum frá verktökum byggðum á magnatölum og verklýsingu. Við stærri verk fer yfirleitt fram útboð.
- Meta þarf tilboðin í samhengi við útboðsgögnin, heildarverð, einingaverð, uppsetningu tilbodsins og verktíma.
- Þegar ákveðið hefur verið hvaða tilboði skal taka, er gengið til samninga við viðkomandi verktaka. Seint verður nægjanlega

Mörg dæmi eru um að viðhaldsframkvæmdir hafi farið illa af stað og endað illa. Í flestum tilfellum er um að kenna slægum undirbúningi og röngu vali á verktökum.

Sigurður Helgi Guðjónsson

brýnt fyrir fólk mikilvægi þess að gera skriflegan samning við verktaka hvort sem er um lítil eða stór verk að ræða.

- Eftirlit með framkvæmd þarf að vera í vel skilgreindum og föstum farvegi og oft er ráðinn til þess óháður aðili.
- Lokauppgjör fer fram eftir að verki telst lokið. Mikilvægt er að taka út framkvæmdina og frágang á verkinu áður en loka-greiðsla fer fram.



Akrýlkítta hvítt

Akrýlkítta með góða viðloðun
Yfirmálanlegt eftir 12 klst.
Notkun: Þétting meðfram hurðum og gluggum, plötuskil, rifur og fl.



SINDRI
Smíðjuvegi 11
575-0000



2000 — 2021

Eldhúsinnréttingar



 **Friform**

Mán. — Föst. 10—17
Laugardaga 11—15

Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562—1500
Friform.is

Við hreinsum, söndum og húðum svo þær verði eins og nýjar

NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ LEITA TILBOÐA

Eru hellurnar óhrein gróðrastía?



Hafðu samband í síma 775 6080



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI

HAFÐU SAMBAND
INFO@HUSAVIÐGERDIR.IS
SÍMI 565-7070

 Finndu okkur á Facebook



Sílikon

Sílikon til notkunar inni og úti. Myglu-, gerla-, sveppa- og vatnspolið. Ekki er hægt að mála yfir sílikon. Flöturinn þarf að vera hreinn og laus við fitu. Margir litir í boði.



SINDRI
Smiðjuvegi 11
575-0000



SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN

Fáðu blað dagsins sent rafrænt



FRÉTTABLAÐIÐ



Iðnó er eitt glæsilegasta húsið í miðbæ Reykjavíkur og alklaett auðmjúku bárujárn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Miðbærinn gengur í bylgjum

Miðbær Reykjavíkur hefur heillað ófáa vegna einstaks byggingarstíls og gífurlegrar litagleði. Þá hefur eitt þótt einkenna hinn ríkjandi húsastíl og það er frókk notkun bárujárnsins, hvort heldur er á þök eða í klæðningu húsa.

johannamaria@frettabladid.is

Galvanhúðað bárujárn er enn í dag eitt algengasta klæðningarefnið á Íslandi og síðari ár hafa bæst við fleiri gerðir, eins og litað ál og stál sem og álsink. Fyrsta bárujárníð var hins vegar flutt hingað til lands á árunum 1870-80 af Slimmons-versluninni. Þótti það bæði þungt og þykkt og fylgdu því vandkvæði að sníða þriggja metra langar plötur eins og þurfti. Árið 1870 var fyrsta húsið lagt með bárujárn en um var að ræða hús í Krísvíkurnámum. Fyrsta húsið í Reykjavík sem bárujárn var svo sett á var í eigu kaupmannsins og útgerðarmannsins Geirs Zoëga, en hann klæddi viðbyggingu hjá sér með galvaniseruðu bárujárn. Þá varð frægt að árið 1876 lagði W. Ó. Breiðfjörð bárujárn á þak og vegg hússins.

Tiskubylgjan hefst

Notkun hins bylgjaða járns á hús fór þó ekki að verða almenn fyrr en eftir 1880 og eftir 1890 var orðið algengt að það væri jafnvel einnig notað til að klæða vegg timburhúsa. Árið 1894 birtist grein í tímaritinu Reykvíkingi sem nefndist „Bárötta þakjárníð“ og kom þar fram að þetta byggingarefni, það er bárujárníð, væri nú farið að ryðja sér til svo rúms hér í Reykjavík á seinni árum að á hvert hús sem þá væri byggt úr timbri væri bárujárníð brúkað bæði á þak og jafnvel vegg. Einnig kemur þar fram að mjög stutt væri síðan menn fóru að nota þetta þakjárn og veltir greinarhöfundur fyrir sér hvort það sé unnt að bera um af reynslunni hve endingargott það sé.

Óglámskyggn almenningur

Kostir bárujárnsins voru augljósir enda breiddist notkun þess um land allt á fáum árum. Gallarnir komu hins vegar í ljós nokkru síðar enda ekki sama hvernig járníð er lagt, með hvaða efnum og í hvaða þykkt. En í ofangreindri grein kemur fram að varast skyldi að nota ógalvaniseraða nagla við verkið „því nái ryð að festa sig á einhverjum hluta af galvaniseringunni á járninu, þá jetur það



Húsið við Óðinsgötu 5 er fagurlega klætt bárujárn. Myndin er tekin árið 2006 þegar húsið var enn í eigu Björgólfs Thors. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.



Hér má sjá friðlýstu húsin við Aðalstræti 7, Austurstræti 3 og Austurstræti 4 sem öll eru klædd bárujárn í rauðum og kremuðum lit. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN.

sig út um járníð, og í gegnum það á fáum árum.“ Einnig voru menn farnir að nota þynnri plötur sem stóðust engan veginn þær kröfur sem íslenskt loftslag gerir. Fimm árum síðar birtist grein eftir sama höfund þar sem greinarhöfundur ítrekar að það megi „...öldungis ekki brúka á þök þynnra járn en Nr. 24 og ekki þynnra járn á vegg eða gafla en Nr. 26.“ Í greininni er orðið ljóst að þessi fyrrverandi efasemdamaður er farinn að flytja inn bárujárn sjálfur. Þá fagnar hann því að almenningur sé nú farinn að verða skynsamari og óglámskyggnari en áður og sé farinn að styðjast við leiðbeiningar þeirra sem vilja honum vel.

Bárujárnsbraggar

Bárujárníð einkenndi mjög íslensk timburhús allt fram til ársins 1935 eða þar til steinsteypa tók við sem helsta byggingarefni. Þá var efnið áfram notað í braggahverfunum sem Bretar reistu í seinni heimsstyrjöldinni. Þess má geta að nafnið „braggi“ er talið koma frá orðinu „barracks“ sem erlendu



Braggarnir við Hvalstöðina í Hvalfirðinum eru klæddir bárujárn og taka sig vel út. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI.

hermennirnir nefndu þessi hús. Alls risu um 6.000 breskir braggar en þegar Bandaríkin tóku við hernáminu reistu þeir til viðbótar 1.500 bragga. Lengi eftir heimsstyrjöldina voru braggahúsin nýtt sem heimili fyrir efnaminni fjölskyldur en árið 1943 fór húsnæðisnefnd Reykjavíkur að falast eftir hermannskálum til að leysa húsnæðisvanda Reykvíkinga, til bráðabirgða í fyrstu. Það var ekki fyrr en á sjöunda áratug 20. aldar að brögnum hafði að mestu verið útrýmt sem húsnæðiskosti í Reykjavík.

Velkomin í eitt af
25 undrum veraldar



BLUE LAGOON
ICELAND

Fjórir nýir heiðursfélagar Vals

Á 110 ára afmæli Knattspyrnufélagsins Vals hefur aðalstjórn ákveðið að útnefna fjóra einstaklinga sem heiðursfélaga. Nafnbótin „Heiðursfélagi í Knattspyrnufélaginu Val“ er æðsta viðurkenning sem veitt er félagsmönnum.

Fram til þessa hafa fjórtán einstaklingar hlotið útnefninguna en fyrstu heiðursfélagnir voru séra Friðrik Friðriksson og Guðbjörn Guðmundsson. Þeir voru útnefndir þann 11. maí 1931.

Á 100 ára afmæli félagsins bættust þrír heiðursfélagar í hópinn; Jón Gunnar Zoëga, Pétur Sveinbjarnarson og Ægir Ferdinandsen. Tveir af fjórtán heiðursfélögum Vals eru á lífi.

Viðurkenningu þessa hljóta aðeins þeir einstaklingar sem hafa sinnt fjölbreyttum, ósérhlífnum störfum fyrir félagið um áratuga skeið og hafa í starfi sínu stuðlað að ákvörðunum sem hafa markað framfaraskref fyrir Knattspyrnufélagið Val.

Eftirtaldir einstaklingar bætast í hóp heiðursfélaga á 110 ára afmæli Vals:

Grímur Sæmundsen

Grímur lék knattspyrnu með Val frá sex ára aldri og samtals um 300 meistaraflokksleiki á árunum 1974-1985, lengst af sem vinstri bakvörður og fyrirliði í sigursælu liði.

Viðurkenningu þessa hljóta aðeins þeir einstaklingar sem hafa sinnt fjölbreyttum, ósérhlífnum störfum fyrir félagið um áratuga skeið og hafa í starfi sínu stuðlað að ákvörðunum sem hafa markað framfaraskref fyrir Knattspyrnufélagið Val.

Hann varð fjórum sinnum Íslandsmeistari og þrisvar bikarmeistari. Grímur var formaður knattspyrnu-deildar árið 1999-2002 og formaður félagsins frá 2002-2009.

Undir formennsku Gríms var lagður grunnur að þeirri miklu uppbyggingu, íþróttamannvirkja og síðar annarra mannvirkja, sem hefur átt sér stað á síðustu árum, auk endurskipulagningar á fjárhag félagsins.

Frá árinu 2012 hefur Grímur verið formaður stjórnar Valsmannanna en félagið er mikilvægur bakhjarl Vals í uppbyggingu fasteigna og allri starfsemi.



Fjórir nýir heiðursfélagar Vals, frá vinstri eru Grímur Sæmundsen, Róbert Jónsson, Halldór Einarsson og Reynir Vignir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Halldór Einarsson

Halldór átti farsælan feril með yngri flokkum Vals í knattspyrnu sem náði hámarki í 2. flokki þegar Valur bar sigur úr býtum í öllum leikjum. Síðar varð hann Íslandsmeistari með meistaraflokki 1966, 1967 og 1978 og lék sem miðvörður í hinum sögufræga leik gegn Benfica árið 1968. Þegar ferlinum lauk varð hann liðsstjóri meistaraflokks og lykilleikmaður í 1. flokki.

Halldór átti frumkvæðið að skipulagi eldri félaga í fótbolta (old-boys) og árið 1983 var hann hugmyndasmiðurinn að fyrsta herrakvöldi íþróttfélaga á Íslandi.

Hann var formaður körfuknattleiksdeildar Vals árið 1980 þegar Valur vann öll mótin fjögur og hefur verið virkur í Valskórnum síðan 1995.

Halldór hefur verið formaður fulltrúaráðs Vals síðan 1998 og var formaður stjórnar um endurbyggingu Fjössins. Þá situr hann í stjórn Valshjartans.

Róbert Jónsson

Róbert hóf langan og farsælan feril sem knattspyrnuþjálfari árið 1959 þegar hann stýrði 5. flokki drengja. En frá árinu 1964 þjálfaði hann yngri flokka Vals í rúm tuttugu ár

og því má segja að hann eigi mestan heiður af árangri þeirra knattspyrnumanna sem slógu í gegn með Val, landsliðinu og erlendum liðum næstu áratugina. Róbert var aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla í eitt ár og þjálfaði meistaraflokk kvenna sömuleiðis í eitt ár.

Hann var lengi formaður unglíngaráðs og sat í fyrstu nefndinni um Valsdaginn. Samhliða þjálfun dæmdi hann nánast daglega að Hlíðarenda því hann tók knattspyrnuþjálfun 1962 og dæmdi fyrir Val til ársins 1988. Róbert var stjórnarmaður í handknattleiksdeild í þrjú ár og hefur látið sig flest málefni Vals varða.

Reynir Vignir

Á yngri árum lék Reynir knattspyrnu með Val og hampaði nokkrum Íslandsmeistaratitlum en varð fljótlega að leggja skóna á hilluna vegna meiðsla. Á árunum 1994-2002 var hann formaður Vals og hefur enginn annar setið lengur í formannsstóli. Reynir Vignir leiddi víðræður Knattspyrnufélagsins Vals við Reykjavíkurborg um breytta landnýtingu á Hlíðarenda. Þær víðræður leiddu til upphafs endurskipulagningar fjármála Vals og uppbyggingu nýrra íþróttamannvirkja á Hlíðarenda.

Reynir Vignir hefur tekið að sér fjölda verkefna fyrir félagið, til að mynda formennsku í afmælisnefnd á 100 ára afmæli félagsins.

Úrslitakeppnin í fyrsta skipti í 29 ár

Finnur Freyr Stefánsson náði gríðarlega góðum árangri sem þjálfari meistaraliðs KR í körfubolta en undir hans stjórn vann liðið alls fimm Íslandsmeistararitla á jafn mörgum árum. Finnur segir Valsara hafa tekið sér opnum örmum og að hann sé með metnaðarfull markmið fyrir meistaralið Vals í körfuboltanum.

Finnur lýsir sér sem forföllnum íþróttáhugamanni sem er fæddur og uppalinn í Reykjavík líkt og foreldrar hans og foreldrar þeirra. „Ég bjó fyrstu tólf árin í Þingholtunum, nánar tiltekið í Miðstræti, en flutti svo á Melana vestur í bæ. Um það leyti byrjaði ég að æfa körfubolta með KR og þá varð ekki aftur snúið. Núna er ég búsettur í Mosfellsbæ með konunni minni og gleðigjöfunum okkar Elísu Guðrúnu og Höskuldi Hrafni.“

Kominn tími á breytingar

Það vakti mikla athygli þegar Finnur gekk til liðs við Val fyrir um þremur árum en hann greinir frá því að eftir um tuttugu ár í þjálfun í Vesturbænum hafi hann fundið fyrir því að kominn væri tími á breytingu.

„Síðustu árin voru ævintýri líkust en ásamt því að vera að þjálfra meistaraliðið voru sumrin undirlögð með landsliðinu og orkan var einfaldlega búin á tanknum hjá mér. Það var því gott að geta tekið þá ákvörðun sjálfur að stíga til Hlíðar. Einhvers staðar þurfti ég svo að finna mér vinnu og þegar Ágúst Björgvinsson stakk upp á að ég kæmi í yngri flokkana í Val ákvað ég að slá til. Viðtökurnar voru góðar frá fyrsta degi enda frábert fólk sem starfar í Valsheimilinu. Ég tengdist strax vel þjálfunum í öllum deildum í félaginu og var það ekki síst sá félagsskapur sem varð þess valdandi að ég ákvað að koma til baka í Val eftir Danmerkurdvölinna.“

Sterkur kjarni og heild

Þegar Finnur er spurður að því



Fyrir mér er stóra markmiðið að festa Val í sessi sem topp 6 félag í körfuboltanum á næstu árum, segir Finnur Freyr. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

fyrir skóla, en með aukinni þekkingu á mikilvægi svefns og í ljósi þess að unglíngar æfa oft seint á kvöldin vegna skorts á æfingaaðstöðu þá gætu slíkar morgunæfingar haft neikvæð áhrif til lengdar. Eina leiðin því til að geta aukið æfingamagn er því að koma íþróttaiðkuninni inn á skólatímamann. Nú þegar hafa nokkrir framhaldsskólar starfrækt almennar íþróttabrautir og margir skólar metið íþróttaiðkun nemenda sinna til eininga í stað hefðbundinnar íþróttakennslu.“

Aukið vægi í framhaldsskólunum

Finnur segist þó vilja ganga enn lengra. „Ef einstaklingur á sér draum um að verða lækni þá getur viðkomandi farið á náttúrufræðibraut til að auka líkurnar á að draumurinn rætist, ef einhvern dreymir um að verða verkfræðingur getur viðkomandi lagt áherslu á stærðfræði. Hins vegar ef draumurinn er að verða afreksmaður í sinni íþrótt verður einstaklingurinn að velja á milli þessa að geta æft jafn mikið og keppinautarnir frá öðrum þjóðum eða að sinna skólunum. Þessu verðum við að breyta til að þróa áfram okkar starf.“

Hann er með ótal hugmyndir um það hvernig hægt sé að þróa þetta mikilvæga starf. „Ég sé fyrir mér að í framhaldsskólunum verði boðið upp á afreksbrautir þar sem kjarnaáfangar námsins styðji við bakið á nemendum sem dreymir um að verða afreksfólk. Þar sé til að mynda lögð áhersla á bóklegt nám í næringarfræði, þjálfraði, íþróttasálfræði, markmiðasetningu og hugarþjálfun ásamt verklegu námi í styrktarþjálfun í íþróttgrein viðkomandi í samvinnu við íþróttafélögin. Með slíkum afreksbrautum getum við aukið líkurnar á að unglíngarnir okkar geti náð árangri í sinni íþróttgrein en jafnframt útskrifast með stúdentsþróf. Við vitum að að það eru bara örfáir sem verða afreksfólk en það á enginn að þurfa að hætta að elta við drauma sína við það að fara í framhaldsskóla.“

hvað þurfi til þess að ná góðum árangri í körfuboltanum nefnir hann nokkur mikilvæg atriði. „Ég held að það sé það sama og í hinum liðsþróttunum. Það þarf að hafa sterkan kjarna öflugra leikmanna sem myndar hryggjarstykkid í liðinu. Utan um kjarnann verður svo að vera blanda af góðum leikmönnum og sterkum karakterum. Saman myndar þetta eina heild og því sterkari sem þessi heild er, því betri verður liðið og því líkleggra er að árangur náist. Það eru yfirleitt sterku kjarnaleikmennirnir sem eru í sviðsljósinu en það eru ekkert síður hinir sem vinna alla sína vinnu bak við tjöldin sem eiga hrósið skilið.“

Topp 6 á næstu árum

Finnur segir mikla eftirvæntingu ríkja eftir úrslitakeppninni. „Við erum fyrst og fremst spenntir. Þetta er búin að vera langt og skrítið tímabil en blessunarlega fáum við að spila áfram körfubolta og tökum þátt í úrslitakeppninni í fyrsta skipti í 29 ár.“

Markmið Finns er skýrt. „Fyrir mér er stóra markmiðið að festa Val í sessi sem topp 6 félag í körfu-

boltanum á næstu árum. Til þess þarf stöðugleika í leikmannaþópnum og sterkt bakland en ekki síður að barna- og unglíngastarfið blómstri og fari að skila sterkum uppöldum leikmönnum upp í meistaraflokkinn. Þegar félög ná þessum stöðugleika þá er yfirleitt stutt í að bikararnir fari á loft, en að sama skapi þegar þessi stöðugleiki hverfur, þá er voðinn vís.“

Unglingastarf setið á hakanum

Finnur telur að á sama tíma og barnastarf í íþróttum sé framúrskarandi hér á landi mætti ýmislegt betur fara í skólakerfinu hvað íþróttaiðkun unglíngna snertir.

„Ég trúi því að allt í heiminum sé í stöðugri framþróun, til dæmis var eini síminn í Miðstrætinu í gamla daga skífusími með snúru en núna eru allir með háþróaða síma sem eru jafnframt öflugar tölvur í vasanum. Íþróttirnar eru engan veginn undanskildar þessari framþróun. Úti um allan heim keppast þeir sem eru í forskoti við að halda því forskoti og þeir sem elta að þróa sig áfram til að ná þeim sem eru framar. Ég tel að við hér á Íslandi séum að bjóða upp á

Ég tengdist strax vel þjálfunum í öllum deildum í félaginu og var það ekki síst sá félagsskapur sem var þess valdandi að ég ákvað að koma til baka í Val eftir Danmerkurdvölinna.

Finnur Freyr Stefánsson

barnastarf á heimsmælikvarða sem er í sífelldri þróun en þegar kemur að unglíngastarfinu höfum við ekki náð að þróa okkar starf nógu markvisst og róttækt áfram. Til þess að geta fylgt þjóðunum í kringum okkur þurfum við að finna leiðir til að láta unglíngana okkar æfa meira og sérhæfðara á menntaskólaaldrinum og upp úr,“ segir Finnur.

„Ýmsar leiðir hafa verið reyndar, til dæmis með morgunæfingum

Vertu framúrskarandi


Til að skara fram úr líkt og Valur hefur gert í 110 ár, þarf ástríðu, einbeitingu og viljastyrk.

KPMG bókað er þjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Með úthýsingu bókhaldsins færð þú aðgang að þínum eigin bókara og lifandi yfirlit yfir reksturinn. Láttu fagfólk færa bókhaldið á meðan þú sinnir öðru.

Kynntu þér þjónustuframboð KPMG bókað á bokad.is eða hafðu samband í síma 545 6000 og við verðum þér innan handar.

kpmg.is

KPMG



Konur eru ekki annars flokks leikmenn

Valur er ríkt íþróttafélag af hæfileikaríku íþróttafólki. Körfuknattleikskonan Helena Sverrisdóttir og handknattleikskonan Anna Úrsúla eru sammála um að skýr jafnréttisstefna sé lykilatriði í því hversu öflugt félagið er í kvennadeildunum.

Körfuknattleikskonan Helena Sverrisdóttir var snemma efnileg í körfunni og var yngri en gengur og gerist þegar hún spilaði sinn fyrsta landsleik með landsliðinu. „Ég er alin upp í Haukum og spilaði körfu frá fimm ára aldri. Minn fyrsta landsleik spilaði ég fjórtán ára gömul, en það telst frekar ungt, jafnvel í kvennadeildinni,“ segir Helena.

Anna Úrsúla var 6 ára þegar hún byrjaði að spila handbolta hjá KR. Þá spilaði hún einnig fótbolta hjá sama félagi. „Á ákveðnum tímapunkti ætlaði ég að velja fótboltann fram yfir handboltann. Á þeim tíma var ég að spila með Gróttu. Svo var ég valin í A-landsliðið í handboltanum og því var þetta hálfvegis valið fyrir mig. En ég er alls ekkert svekkt yfir því. Mér hefði þótt bæði gaman, að spila í handbolta eða fótbolta. Síðar færði ég mig yfir í Val og í dag á ég miklu fleiri leiki með Val en Gróttu. Nú hef ég spilað handbolta í 30 ár,“ segir Anna sem fagnaði nýlega 36 ára afmælinu sínu. Anna hefur sjö sinnum orðið Íslandsmeistari á sínum ferli. Fimm sinnum með Val og tvisvar með Gróttu.

Helena hefur verið fyrirliði landsliðs kvenna í körfu frá því hún var tvitug og spilað hátt í 80 landsleiki. Þá hefur hún verið valin körfuknattleikskonu ársins tólf sinnum og að auki hlotið fjölda viðurkenna innan síns félags. „Það var alltaf draumurinn að vinna við að spila körfubolta. Sem leikmaður hef ég verið heppin að sleppa að mestu við meiðsli og ekki misst af mörgum leikjum nema þegar ég eignaðist stelpurnar mínar tvær 2017 og nú í byrjun desember 2020.“ Helena var þó snögg að ná sér á strik og var mætt aftur á æfingar í janúar þegar mátti keppa aftur.

Tvær öflugar til liðs við Val

Helena kom til liðs við Val fyrir tveimur og hálfu ári og segir stemninguna góða á Hlíðarenda. „Félagið heldur mjög vel utan um leikmenn sína og mér liður ekki eins og það sé mismunur á milli karla- og kvennadeilda innan félagsins. Ég hef líka fundið fyrir stöðugri uppbyggingu á liðinu síðan ég byrjaði,“ segir Helena.

Anna er sammála Helenu og segir stemninguna í Val engu líka. „Valur er virkilega gott félag, ekki bara í meistaraflokkunum heldur er hér frábært barnastarf sem skilar sér svo beint upp í meistaraflokkana. Allt starf í kringum meistaraflokkana, hvort sem það er í karla- eða kvennadeildinni, er framúrskarandi. Valur er mjög sterk félag þegar kemur að jafnréttisstefnu sem ég held að sé stór hluti af því hvað kvennaliðunum gengur vel hjá félaginu. Konur eru ekki taldar annars flokks leikmenn. Við njótum sömu aðstöðu og réttinda innan félagsins eins og karlarnir. Þessi staðreynd er stór hluti af því hvers vegna ég hef spilað svona lengi með Val því enn þann dag í dag er þetta ekki sjálfgefið innan félaganna. Verandi kona þá veit ég að þetta er ekki alltaf svona.“ Anna á þrjú börn, það elsta er 8 ára og yngsta er 6 mánaða. „Ég bý í Hlíðunum og finnst gott að vita af því að þetta sé í lagi hjá félaginu ef börnin mín vilja spila íþróttir.“

Var þú aftur í skóna

Fréttir greindu frá því ekki alls fyrir löngu að Anna Úrsúla væri búin að leggja skóna á hilluna. „Ég



Anna Úrsúla til vinstri og Helena Sverrisdóttir til hægri eru báðar á því að skýr jafnréttisstefna innan íþróttafélagsins sé lykilatriði í því hversu öflugur Valur er í kvennadeildunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Helena hefur verið fyrirliði landsliðs kvenna í körfu frá því hún var tvitug og spilað hátt í 80 landsleiki.



Anna Úrsúla hefur sjö sinnum orðið Íslandsmeistari. Fimm sinnum með Val og tvisvar með Gróttu.

Handboltinn er svo miklu meira en tómsundagaman, sérstaklega ef þú ætlar að ná árangri. Það þarf líka að vera smá svona, ja, klikkaður, til þess að ná langt.

Anna Úrsúla

hætti þegar ég var ólétt að mínu þriðja barni. Ég hafði verið að drepa í hnjúnum í mörg ár og fannst tími til kominn til að segja þetta gott. Ég var orðin sátt við að taka næsta skref.

Svo lentu stelpurnar í liðinu í veseni í vetur vegna meiðsla og nokkrar voru barnshafandi. Ég var enn að mæta á æfingar til að halda mér í formi á meðan faraldrinum stóð og leið ágætlega í hnjúnum. Því var ég hálfvegis þínd til að spila aftur með liðinu. Ég gat auðvitað ekki sagt nei enda er þetta alls ekkert leiðinlegt. Handboltinn er svo miklu meira en tómsundagaman, sérstaklega ef þú ætlar að ná árangri. Það þarf líka að vera smá svona, ja, klikkaður, til þess að ná langt í hvaða íþrótt sem er. Þú þarft að hafa metnaðinn, drifid, staðfestuna og leggja alltaf harðar og harðar að þér til að ná árangri. Svo er þetta náttúrulega frábær félagsskapur. Ég er ekki alveg viss um hvað ég hefði gert ef ég hefði hætt, en ætli ég hefði ekki farið í CrossFit eða aðra íþrótt þar sem er góður félagsskapur. Maður fattar þetta betur þegar maður eldist að hreyfingin og félagsskapurinn er það langmikilvægasta í þessu öllu saman.“

Staðan í kvennadeildunum

Stöðu kvennadeildarinnar í körfu á Íslandi segir Helena vera nokkuð góða. „Það spila mun fleiri stelpur nú en áður og heilt yfir er deildin orðin betri. En mér finnst ókostur hvað konur hætta að spila snemma. Meðalaldurinn í kvennadeildinni helst mun yngri en í karladeildunum og ég held að orsökkin sé að stelpur byrja mun fyrr að spila í meistaraflokkum en strákar. Þegar konur byrja svo snemma þá er eins og þær hætta líka mun fyrr. Margar hverjar hafa kannski spilað í tíu ár í meistaraflokkum þegar þær hætta, en eru enn ungar og eiga mikið eftir.“

Önnur orsök gætu verið barn-eignir, segir Helena. „Það er þúsluspil að sameina íþróttir með fjölskyldunni enda fara helgar og kvöld oft á tíðum í þetta, sem er fjölskyldutími hjá mörgum. En ef fólk er með gott bakland er vel hægt að sameina þetta tvennt. Eldri dóttir mín kemur til dæmis með mér á nánast hverja einustu æfingu og tekur þátt í upphitun og æfingum. Hún er eins og hluti af liðinu og er orðin mjög flink í að dríplla þó hún sé ekki nema fjögurra ára.“

Við pabbi hennar, sem er einnig í körfunni, erum bæði hávaxin og því er alveg líklegt að hún muni erfa þau gen og með æfingu gæti hún orðið flottur leikmaður. En það er þó engin pressa á dætrum okkar að fara í körfuna,“ segir Helena.

Kvennadeildina í handboltanum segir Anna vera í góðri stöðu núna. „Mér finnst skemmtilegt hvað deildin er jöfn núna og ég er að vonast til þess að kvennalandsliðið komist í vikunni á EM. Það gæti hjálpað til að fá meiri kraft í deildina. Íslenskur kvannahandbolti er frábær, annars hefði ég ekki verið í þessu í öll þessi ár. Það er ómetanlegt að alast upp í íþróttum, hvort sem maður verður afburðaleikmaður eða er bara í þessu fyrir félagsskapinn. Þetta mótar mann fyrir lífstíð og gerir mann að góðum einstaklingi. Það er algerlega mín trú.“

Eitt mesta afrek Vals frá upphafi

Árið 2019 var sögulegt í kvennaboltanum á Íslandi þegar Valur varð Íslands- og bikarmeistari og deildarmeistari í handbolta og körfubolta kvenna og Íslandsmeistari í fótbolta kvenna. Svali H. Björgvinsson segir ómælda vinnu og metnað liggja að baki einu mesta afreki Vals frá upphafi sem ólíklegt sé að verði leikið eftir.

Svali er Valsari frá blautu barnsbeini. „Ég er alinn upp í Hlíðunum og Valsheimilið og Valsvöllurinn voru mitt leiksvæði og annað heimili. Eins og oft var á þessum árum þá stunduðu krakkar margar íþróttir og um tíma stundaði ég og æfði allar greinar í Val. Ég kynntist körfubolta í Val sennilega um 10-12 ára aldur, þá var deildin fámenn og ung.“

Óhætt er að fullyrða að Svali hafi kolfallið fyrir körfunni sem hann lýsir sem mikilli listgrein.

„Síðan þá hefur körfubolti og Valur verið stór hluti af mínu lífi og góð tilbreyting frá öðru amstri. Ég hef keppt fyrir og þjálfað alla aldursþópna, karla og konur í Val og hef komið að uppbyggingu Vals sem stjórnarmaður í 25 ár. Ég er menntaður í sálfræði og mannaútskiptingunni og hef verið svo lánsamur að mér hefur verið treyst fyrir mjög skemmtilegum og krefjandi störfum og því hefur Valur og körfubolti alltaf verið ákveðinn gríðastaður fyrir huga og líkama. Sú gæfa fylgir mér að kona mín styður þessa ástríðu vel og börnin þrjú eru öll í Val sem einfaldar og dýpkar alla umræðu á heimilinu.“

Jafnrétti snýst um ákvarðanir

Það vakti mikla athygli þegar öll kvennalið Vals sópuðu til sín fjölda verðlauna árið 2019. Svali segir árangurinn meðal annars stafa af áherslum félagsins á jafnréttismál í gegnum tíðina.

„Jafnrétti hefur verið ofarlega hjá okkur í Val lengi og verið virk umræða um það í stefnumótun- arumræðum sem ég man eftir allt frá árinu 2000. Jafnrétti er vissu-



Svali segir að körfubolti og Valur hafi verið stór hluti af hans lífi enda hefur hann þjálfað marga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

lega fyrst og síðast spurning um ákvarðanir frekar en einhver töfra-brögð eða djúpa greiningarvinnu.

Það var því einstaklega ánægju-legt fyrir okkur í Val að ná þeim magnaða árangri að öll kvennalið félagsins verða Íslandsmeistarar á sama ári og handboltinn og körfuboltinn bikarmeistari að auki, með viku millibili. Þannig komu 5 af 6 stóru bikurunum í boltageinum kvenna að Hlíðarenda það árið. Í mínum huga er þetta eitt mesta afrek Vals frá upphafi og ekki mörg önnur afrek félagsliða sem toppa þetta ár hjá Val. Ég sé ekki fyrir mér að þetta verði leikið eftir,” segir Svali.

Samstaða milli deilda

„Þessu til viðbótar var kvenna-körfuboltaliðið valið lið ársins í vali íþróttafréttaritara sam- hliða vali um íþróttamann ársins 2019, handboltaliðið í öðru sæti. Körfuboltaliðið varð lið ársins hjá Reykjavíkurborg og Margrét Lára íþróttamaður Reykjavíkurborgar. Þarna rann saman öll sú vinna

sem leikmenn og félagið hafði lagt á sig lengi. Það er líka von okkar og vissa að þetta afrek sé eitt lóð á vogarskálar um jafnrétti í íþróttum og framþróun kvenna- íþróttanna á Íslandi,” segir Svali bjartsýnn.

„Það var líka einstakt að finna samstöðu milli deilda og metnað sem ríkti milli stelpnanna gera þetta ár einstakt. Það var mikil pressa á fótbolastelpunum undir lok sumars að vinna Íslandsmótið, það fannst mér geggjað augnablik. Fyrir okkur sem komum að því að stýra og vinna fyrir félag eins og Val, þá er svo gefandi að sjá ungt fólk ná markmiðum sínum og gleðjast sannarlega. Það þarf ekki meira vítamín þann daginn.“

Mission – ártal á vegginn

Að sögn Svalla var þetta ár sérstak- lega eftirminnilegt í kvennakörfu- boltanum. „Fyrir okkur í körfu- boltanum í Val var árið 2019 að því leyti einstakt að þetta voru fyrstu titlar í kvennakörfunni. Ég og fleiri höfum lengi horft á titlavegginn

okkar og saknað þess að sjá ekki ártal á veggnum í kvennakörfunni. Við kölluðum þetta verkefni; mis- sion – ártal á vegginn. Körfubolti er yngsta deild Vals, 50 ára, og kvennakörfubolti hefur ekki verið stundaður markvisst í Val nema í um 20 ár. Við vorum afskaplega stolt af að eftir þessari uppbyg- gingu var tekið og að liðið okkar hafi verið valið lið ársins.“

Svali segist vona að þetta sé minning sem lífi alla tíð með þeim stelpum sem þá voru í liðinu. „Ég veit að fyrir mig og Val var þetta mikil hvatning. Við erum ein- staklega stolt af þessu afreki. Hins vegar hefur það komið mér á óvart í þessari umræðu hvað margir, einstaklingar og fyrirtæki, hafa mikinn kraft í að gagnrýna þegar miður gengur, en þessir sömu aðilar og fyrirtæki eru ekki tilbúin að koma að því að styrkja þá sem sannarlega eru að reyna að sinna jafnrétti og uppbyggingu, hjá Val eða öðrum félögum. Því á bak við svona afrek, eins og árið 2019 í Val, er ómæld vinna.“

Það var mikil pressa á fótbolta- stelpunum undir lok sumars að vinna Íslandsmótið, það fannst mér geggjað augnablik.

Svali H. Björgvinsson

Móðir allra íþróttanna

Ljóst er að Svali er einn mesti körfuboltaunandi sem Ísland hefur alið af sér en áhugi hans á íþróttinni á sér engin takmörk.

„Sjálfur hef ég mikinn áhuga á íþróttum og tæknilega of mikla ástríðu fyrir körfubolta. Ég er búinn að spila, þjálfá, rannsaka og lýsa körfubolta í rúm 40 ár og dag- lega sé ég nýja viddir í þessum fagra leik. Fyrir mig er körfubolti jafn- vægisstilling og lífsgæði. Fyrir mér er körfubolti móðir allra íþróttanna og drottning boltaleikjanna, en ég veit að því eru ekki allir sammála.

En það er mikil uppsveifla með körfubolta á Íslandi og ég skynja að fleiri eru að átta sig á þessari listgrein. Okkur í Val langar að vera hluti af þessari uppsveiflu og leggja okkar til, til að byggja körfubolta upp enn frekar, öllum til heilla,” segir hann.

„Það magnaði við íþróttir og þá útrás sem við fáum í gegnum íþróttir er að endurgjöfin kemur strax og er miskunnarlaus, sigur eða tap. Gekkt planið upp, eða ekki? Á þeirri stundu og í því augna- blikinu skiptir sá leikur öllu máli. Það er nánast öllu öðru fórnad, en í stóra samhenginu skiptir hver kappleikur sáralitlu máli. Það er einnig magnað og erfitt að lýsa með orðum, hvað það er gefandi og hugarstillandi að koma að upp- byggingu íþróttafélags, þar sem ungt fólk heimsækir drauma sína og sækir næringu og þroska. Þegar vel tekst til og markmið, stór eða smá nást, og gleðin er óspillt. Þá er markmiði Vals náð og endurgjöfin til okkar sem sinnum starfinu er fullkomin.“

Smellpassaði í starf húsvarðar

Risto Izev hefur starfað sem hús- vörður á Hlíðarenda í sex ár og er að mati flestra algerlega ómiss- andi starfskraftur sem kann að láta þjónustuglaðar hendurnar standa fram úr ermum.

Risto Izev er ættaður frá Strum- ica í Makedóníu og hefur búið á Íslandi í 18 ár. Hann hóf störf sem húsvarður í hlutastarfi á Hlíðarenda fyrir sex árum eftir að sérstaklega hafði verið mælt með honum í starfið. „Það var bara fólk sem þekkti til mín sem mælti með mér og sagði að ég yrði frábær í starfið,” segir Risto. „Ég er mjög ánægður hér á Hlíðarenda. Hér er alltaf frábær stemning, nóg að gera og mikið um að vera í húsinu á kvöldin og yfir helgarnar. Það er alltaf nóg af fólki í húsinu en þá eru yngri flokkarnir að spila leiki, taka þátt í mótum og síðan eru Domino'- og Pepsi-deildin.“

Eins og fimm manneskjur

Hlutverk húsvarðarins er gífurlega krefjandi og fjölþætt enda er Risto eini húsvarðurinn á vakt í húsinu á kvöldin. „Ég þarf eiginlega að vera eins og fimm manneskjur,” segir hann hlæjandi, „þegar kallað er á mig úr öllum áttum og síminn hringir á meðan ég er að redda hínu og þessu.“ Risto segist hafa verið snöggur að koma sér inn í starfið þrátt fyrir að hafa aldrei

Ég þarf eiginlega að vera eins og fimm manneskjur.

Risto Izev

unnið sem húsvarður áður. „Ég er þannig gerður að ég vil alltaf gera vel við alla og ef eitthvað kemur upp, þá er ég snöggur að finna lausn á vandanum og hleyp til ef vantar upplýsingar og fleira. Ég er á vöktum eftir klukkan fjögur á daginn og um helgar. Þá vinn ég í sjöppunni sem er líka afgreiðslu- og upplýsingamiðja hússins. Ég svara þar öllum fyrirspurnum, ef leikmenn koma til mín ef þá vantar til dæmis að vita eitthvað, í hvaða sal æfingar eða leikir eru og fleira. Þá er ég líka reiðubúinn ef foreldra vantar aðstoð með börnin sín sem eru kannski á æfingu í húsinu, eða ef fólk hefur fyrir- spurnir um leiki sem eru á döfinni og fleira. Þá undirbyr ég alla leiki sem spilaðir eru á mínum vöktum, raða öllum í klefa sem er oft flókið þar sem mikill fjöldi leikmanna er í húsinu um helgar. Síðan er margt margt fleira sem gera þarf svo allt gangi smurt fyrir sig. Ég er svo alltaf seinastur út úr húsi á kvöldin og læsi Hlíðarenda á eftir mér.“



Risto Izev segist vera þannig gerður að hann vilji alltaf gera vel við alla og ef eitthvað kemur upp, þá sé hann snöggur að finna lausn á vandanum og hleypur til ef vantar upplýsingar og fleira. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.



Gunnar Örn Arnarson er íþróttafulltrúi Vals og hefur yfirumsjón með starfsemi barna- og unglingsviðs hjá félaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Öflugt barnastarf hjá Val

Valur hefur lagt áherslu á að fjölga iðkendum síðustu ár með góðum árangri og nú er barna- og unglingsstarfið umsvifamikil og fjölbreytt. Félagið býður líka upp á námskeið og heilsdagsvistun yfir sumartímamann.

Stærstu íþróttafélögin í Reykjavík hafa sinn eigin íþróttafulltrúa, en starfið er styrkt af Reykjavíkurborg. Það er hann Gunnar Örn Arnarson sem sinnir þessu hlutverki fyrir Val.

„Íþróttafulltrúi Vals hefur yfirumsjón með starfsemi barna- og unglingsviðs hjá félaginu,“ útskýrir hann. „Við erum með þrjár deildir, fótbolta, handbolta og körfubolta. Við höldum úti æfingum í fótbolta allan ársins hring fyrir ungmenni á aldrinum 4-20 ára og svo eru körfuboltinn og handboltinn greinar sem eru sífellt að teygja sig lengra inn í árið og ég held að þær verði heilsársport áður en langt um liður. Þegar ég byrjaði árið 2015 voru æfingar einungis fram í maí en núna byrjar þetta og endar á sama tíma og grunnskólinn.“

Mikil fjölgun iðkenda

